



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Félags- og mannvísindadeild**

**MA-ritgerð  
blaða- og fréttamennska**

**Dáðleysi kvenna.  
Eða er öðru um að kenna?  
Stjórnmalakonur í fjölmiðlum fyrir  
Alþingiskosningarnar 2009**

**Anna Lilja Þórisdóttir**

**Febrúar 2010**

Leiðbeinandi: Þorgerður Einarsdóttir

Nemandi: Anna Lilja Þórisdóttir

Kennitala: 290969-4769

## Ágrip

Þessi ritgerð er fræðilegur hluti meistaraverkefnis í blaða- og fréttamennsku við félags- og mannvísindadeild Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Í ritgerðinni er fjallað um birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum og sjónum einkum beint að fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmálakonur.

Sagt er frá þróun stjórnmálaþátttöku kvenna. Fjallað er um fjölmiðla, skyldur þeirra og ábyrgð og kenningar um fjölmiðla reifaðar. Farið er yfir niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið bæði héraendis og erlendis á þessu sviði og áhersla lögð á stjórnmálakonur.

Rannsókn ritgerðarinnar fólst í því að skoðuð var tíðni birtingarmynda stjórnmálakvenna í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu mánuðinn fyrir Alþingiskosningarnar 2009. Skoðað var hversu oft karlar og konur voru viðmælendur blaðanna og einblínt á stjórnmálafólk í því sambandi. Einnig voru skoðaðar innsendar greinar sem tengdust kosningunum og kosningabaráttunni. Álitsgjafar og sérfræðingar sem leitað var til varðandi kosningarnar og kosningabaráttuna voru einnig skoðaðir með tilliti til kyns. Rannsóknin leiddi í ljós að umfjöllunin endurspeglar ekki kynjahlutföll frambjóðendanna í Alþingiskosningunum 2009. Stjórnmálakarlar fengu meiri umfjöllun en fjöldi þeirra á framboðslistum gaf tilefni til og stjórnmálakonur fengu á sama hátt minni umfjöllun. Stjórnmálakarlar og -konur voru jafn virk við að senda inn greinar til dagblaðanna tveggja.

Niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöður fyrri rannsókna og settar í samhengi við siðareglur fjölmiðla og lög og reglugerðir sem kveða á um jafnan rétt kynjanna.

## **Abstract**

This essay is the theoretical part of a final thesis in Journalism and Mass Communication at the Department of Human and Social Sciences at the University of Iceland.

The essay focuses on media coverage of women with an emphasis on female politicians. A special focus is on media coverage related to the national election in April 2009. The development of women's political participation in Iceland and the theories the essay is built upon are explained. The mass media is accounted for, its responsibilities and duties and theories about the mass media are discussed. Researches about the mass media are covered with a special emphasis on women in media, especially female politicians.

The frequency of men and women as spoken to, interviewed or quoted, in the last month before the national elections in 2009 by the two major newspapers in Iceland, was counted with a special regard to politicians. Articles, regarding the national elections, which were sent to the newspapers, were also counted in the same manner.

The result of the research was that the newspaper's coverage did not reflect the ratio of women and men, who were candidates in the elections. The ratio of female candidates was much higher than the coverage indicated. The ratio of articles which were written by female and male candidates and sent to the newspapers was almost equal; almost as many male and female politicians wrote such articles.

## **Formáli**

Lokaverkefni þetta er ritað til MA-prófs í blaða- og fréttamennsku við félags- og mannvísindadeild á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið er samtals 30 ECTS einingar og skiptist í tvo hluta, sem hvor um sig er 15 ECTS einingar. Þetta er annar hlutinn, sem er fræðileg ritgerð og var unnin undir leiðsögn Þorgerðar Einarsdóttur. Hinn hlutinn er greinaflokkur, ætlaður til birtingar í dagblöðum, sem fjallar um birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum og er sérstök áhersla lögð á stjórnmalakonur. Greinaflokkurinn var unninn undir leiðsögn Valgerðar Önnu Jóhannsdóttur.

## Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	8
1.1 Uppbygging ritgerðarinnar .....	8
2 Markmið og rannsóknarspurningar .....	10
2.1 Markmið .....	10
2.2 Rannsóknarspurningar .....	10
2.3 Val á rannsóknarefni.....	11
3 Konur í stjórnámálum .....	12
3.1 Saga kosningaréttar íslenskra kvenna .....	13
3.2 Femínískar kenningar .....	14
3.2.1 Óumbreytanlegt eðli karla og kvenna?.....	15
3.2.2 Kynjakerfið.....	16
4 Fjölmiðlar .....	18
4.1 Áhrif fjölmiðla.....	18
4.2 Fjölmiðlar – spegill samtíðarinnar? .....	20
4.3 Fjölmiðlar sem kynjaðar stofnanir.....	21
5 Konur í fjölmiðlum.....	23
5.1 Rannsóknir á konum í fjölmiðlum.....	23
5.2 Stjórnámálakonur í fjölmiðlum .....	27
5.2.1 Rannsóknir á stjórnámálakonum í fjölmiðlum.....	27
5.2.2 Alþingiskosningarnar 2003 og 2007 .....	29
6 Rannsókn á fjölmiðlaumfjöllun fyrir Alþingiskosningarnar 2009 .....	31
6.1 Framkvæmd .....	31
6.2 Innsendar greinar .....	33
6.2.1 Stjórnámálakarlar og -konur sem skrifuðu innsendar greinar.....	33
6.3 Viðmælendur í fréttum .....	35
6.4 Viðtöl .....	39
6.5 Álitsgjafar og sérfræðingar .....	40
6.6 Niðurstöður .....	40
7 Ekki er dáðleysi kvenna um að kenna .....	45
7.1 Lög, samþykktir og reglugerðir um jafna stöðu kynjanna.....	45
7.1.1 Siðareglur fjölmiðla.....	45
7.1.2 Alþjóðlegar samþykktir .....	46
8 Lokaorð .....	48
Heimildaskrá.....	49

## Myndaskrá

Mynd 1: Fjöldi karla og kvenna sem skrifuðu innsendar greinar.....	33
Mynd 2: Hlutfall stjórnmalakarla af öllum körlum sem skrifuðu innsendar greinar .....	34
Mynd 3: Hlutfall stjórnmalakvenna af öllum konum sem skrifuðu innsendar greinar .....	34
Mynd 4: Hlutföll innsendra greina í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu eftir stjórnmalakonur og -karla .....	34
Mynd 5: Fjöldi viðmælenda í fréttum, greindir eftir kyni og hvort um er að ræða stjórnmalakarlar eða -konu .....	36
Mynd 6: Hlutfall karla og kvenna sem viðmælenda í fréttum í Morgunblaðinu .....	36
Mynd 7: Hlutfall karla og kvenna sem viðmælenda í fréttum í Fréttablaðinu .....	37
Mynd 8: Stjórnmalafólk sem viðmælendur í Fréttablaðinu .....	38
Mynd 9: Stjórnmalafólk sem viðmælendur í Morgunblaðinu .....	38
Mynd 10: Fjöldi viðtala í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu.....	39
Mynd 11: Kynjahlutföll meðal álitsgjafa og sérfræðinga .....	40

# 1 Inngangur

Með því að skoða viðmælendur og umfjöllunarefni fjölmiðlanna fást vísbendingar um hverjir eru taldir mikilvægir eða áhugaverðir hverju sinni. Hverjir eru gerendurnir í þjóðfélaginu, álit hverra skiptir máli og hvaða raddir eru taldar eiga erindi við almenning?

Fræðimenn hafa lengi bent á þátt fjölmiðla í að viðhalda og endurskapa menningarleg gildi og hugmyndir og í því sambandi er gjarnan vísað til þeirra sem fjórða valdsins. Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki við að skapa ímyndir af körlum og konum og feminískt fræðifólk hefur lengi bent á ójafnvægi í birtingarmyndum kynjanna almennt.<sup>1</sup>

Niðurstöður fjölmargra rannsókna sem gerðar hafa verið víða, bæði hérlendis og erlendis, hafa leitt í ljós að konur og karlar fá hvorki jafn mikla né svipaða umfjöllun í fjölmiðlum. Í þessari ritgerð verður gerð grein fyrir slíkum rannsóknum og sérstök áhersla lögð á stjórnmalakonur í fjölmiðlum. Í því sambandi eru skoðaðar innlendar og erlendar rannsóknir á því sviði.

Framlag þessarar ritgerðar er rannsókn sem gerð var á dagblaðaumfjöllun um stjórnmalakarla og -konur fyrir þingkosningarnar 2009. Niðurstöðurnar voru settar í samhengi við aðrar rannsóknir á þessu sviði og hlutverk og skyldur fjölmiðla.

## 1.1 Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerðin skiptist í átta kafla og nokkra undirkafla. Í upphafi er að finna ágríp af efni ritgerðarinnar á íslensku og ensku ásamt formála, efnisyfirliti og myndaskrá. Inngangur er í kafla 1 og þar er uppbygging ritgerðarinnar útskýrð. Í kafla 2 er gerð grein fyrir markmiðum, rannsóknarspurningum og vali á rannsóknarefni. Í 3. kafla er fjallað um konur í stjórnmalum, fjallað er lauslega um þróun kosningaréttar og kjörgengis íslenskra kvenna. Farið er í feminískar kenningar og þær tengdar umfjöllun um konur í fjölmiðlum. Þar eru einnig nokkur lykilhugtök kynnt til sögunnar. Í kafla 4 er fjallað um fjölmiðla, hlutverk þeirra, skyldur og ábyrgð og ýmsar kenningar reifaðar. Í kafla 5 er fjallað um rannsóknir sem gerðar hafa verið bæði hérlendis og erlendis á hlutföllum og birtingarmyndum kvenna í fjölmiðlum og áhersla lögð á stjórnmalakonur í því sambandi. Í 6. kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum og framkvæmd eigin rannsóknar höfundar á umfjöllun um stjórnmalakonur í

---

<sup>1</sup> Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2005:367, Van Zoonen. 1995: 319, Gallagher. 2005:17.



tveimur útbreiddustu dagblöðum landsins fyrir Alþingiskosningarnar í apríl 2009. Í kafla 7 er fjallað um ábyrgð fjölmiðla, lög og ýmsar samþykktir sem kveða á um jafna stöðu og rétt kynjanna. Í kafla 8 er efni ritgerðarinnar dregið saman í stuttu máli. Heimildaskrá er að finna í lok ritgerðar.

## **2 Markmið og rannsóknarspurningar**

### **2.1 Markmið**

Í þessari ritgerð verður leitast við að varpa ljósi á fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur sem voru í framboði fyrir Alþingiskosningarnar 2009. Sagt er frá ýmsum rannsóknum á þessu sviði, bæði erlendum og innlendum og niðurstöður þeirra settar í samhengi við rannsókn, sem er hluti þessarar ritgerðar. Þar var umfjöllun um stjórnmalakonur í tveimur útbreiddustu prentmiðlum landsins, Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, skoðuð. Við rannsóknina var fjöldi fréttar, viðtala og umfjallana sem fjölluðu um kosningarnar og kosningabaráttuna skoðuð með tilliti til þess hvort rætt var við konur eða karla og var þá sérstaklega horft til stjórnmalafólks í því sambandi. Einnig voru kynjahlutföll höfunda innsendra greina sem vörðuðu kosningarnar og kosningabaráttuna skoðuð. Niðurstöðurnar eru bornar saman við aðrar rannsóknir, meðal þeirra eru rannsóknir sem gerðar hafa verið á umfjöllun um stjórnmalakonur fyrir fyrri kosningar.

### **2.2 Rannsóknarspurningar**

1: Var fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur í tveimur stærstu dagblöðum landsins á tímabilinu 25. 3. – 25. 4. 2009, mánuðinn fyrir Alþingiskosningarnar 25. apríl 2009, með öðrum hætti en fyrri rannsóknir á þessu sviði hafa sýnt fram á?

2: Er samhengi á milli fjölda innsendra greina eftir stjórnmalakonur og -karla sem voru birtar í tveimur stærstu dagblöðum landsins og umfjöllunar um stjórnmalakonur og -karla í viðkomandi blöðum?

3: Er samhengi á milli fjölda kvenna í framboði, fjölda kvenna í efstu sætum framboðslistanna og fjölmiðlaumfjöllunar um stjórnmalakonur í tveimur stærstu dagblöðum landsins?

4: Koma karlar og konur jafnt fyrir sem álitsgjafar og sérfræðingar varðandi kosningarnar og kosningabaráttuna vorið 2009?

## 2.3 Val á rannsóknarefni

Fyrir Alþingiskosningarnar í maí 2009 bar mikið á umfjöllun um að sjaldan, eða aldrei, hefði verið mikilvægara að hlutur kynjanna yrði sem jafnastur. Þannig væri hægt að byggja upp „Nýja Ísland“, þjóðfélag jöfnuðar og réttlætis. Það sjónarmið bar nokkuð hátt að skipbrot þjóðarinnar mætti að verulegu leyti rekja til þess að gildi á borð við jafnrétti hefðu verið fyrir borð borin. Krafa um uppstökkun átti aftur á móti að leiða til ýmissa jákvæðra þjóðfélagsbreytinga og endurmats. Samkvæmt orðræðu í samfélaginu var jafnrétti kynjanna á Alþingi ein af aðalforsendunum fyrir því að þetta markmið gæti náðst.<sup>2</sup> Stjórnmalafólk lét sitt ekki eftir liggja í þessari umræðu, en fyrir kosningarnar árið 2009 var mikil áhersla lögð á að gæta jafnréttis. Flestir flokkar sem buðu fram voru með í stefnuskrá sinni að stórauka þyrfti hlut kvenna á Alþingi og að flétta þyrfti kynja- og jafnréttissjónarmið inn í endurreisn Íslands og þannig nýta þann „dýrmæta auð sem byggir í krafti kvenna.“<sup>3</sup>

Niðurstöður kosninganna urðu þær að aldrei hafa fleiri konur setið á Alþingi, eða 42,8% þingmanna. En hvernig var fjölmiðlaumfjöllunin í aðdraganda kosninganna? Hvernig hafði þessi tiltekna orðræða áhrif á fjölmiðlana? Fengu konur og karlar svipaða og jafn mikla umfjöllun, eða var sami munur á umfjöllun um konur og karla og rannsóknir hafa sýnt hingað til? Í flestum rannsóknum sem lúta að fjölmiðlaumfjöllun um karla og konur hefur niðurstaðan ávallt verið nokkuð svipuð. Samkvæmt þeim fá konur og karlar ekki sambærilega umfjöllun, hvorki hvað varðar innihald né magn. Þetta á einnig við um konur og karla í stjórnmalum.

Í ritgerðinni er orðið stjórnmalafólk notað um karla og konur sem hafa starfa af stjórnmalum. Orðið stjórnmalakona er notað um konu sem hefur starfa af stjórnmalum og orðið stjórnmalakarl er notað um karl sem hefur þann sama starfa.

---

<sup>2</sup>Jóhanna María Vilhelmsdóttir. 2009, Silja Björk Hauksdóttir. 2009, Morgunblaðið 2009, Anna Sigríður Pálsdóttir o.fl. 2009, Drífa Hjartardóttir. 2009.

<sup>3</sup>Jóhanna Sigurðardóttir 2009, Framsóknarflokkurinn. 2009. VG. 2009.

### 3 Konur í stjórnámálum

Sjónarmið margra fræðimanna er að kjörnir fulltrúar í lýðræðisríkjum eigi að endurspegla fjöldann og því krefjist pólitískt lýðræði þátttöku beggja kynja. Krafa um þátttöku kvenna í stjórnámálum byggir einkum á fjórum þáttum; hugmyndinni um annars konar nálgun kvenna að stjórnámálum, sanngirni, áhrifum fyrirmynda og að gæta þurfi að hagsmunum kvenna, ekki síður en karla. Af þessum sökum hefur það sjónarmið orðið sífellt fyrirferðarmeira og viðurkenndara að bæði kyn taki þátt í stjórnámálum og taki til jafns þátt í að móta samfélagið.<sup>4</sup> Rökin gegn því að viðhalda núverandi ástandi, þar sem karlar eru í meirihluta þeirra sem kjörnir eru til valda, hafa fyrst og fremst snúist um að samfélagið tapi, sé mannauður kvenna ekki nýttur sem skyldi.<sup>5</sup>

Fyrir aukinni þátttöku kvenna í stjórnámálum eru því bæði nytjarök og réttlætisrök. Nytjarökin snúast um að samfélagið megi ekki við því að verða af mannauði kvenna og að karlaslagsíða feli þannig í sér beint tap fyrir samfélagið.

Réttlætisrökin fela í sér að konur og karlar eigi sama þegnrétt og því sé það bæði réttlátt og sanngjarnt að þau hafi sama aðgang að valda- og áhrifastöðum.<sup>6</sup> Setja má hlutdeild kvenna í hinu pólitíska kerfi í samhengi við grundvallaratriði lýðræðisins. Þannig má með fullum rökum halda því fram að lýðræði sé ekki mögulegt án kvenna.<sup>7</sup> Samkeppnin um atkvæðin er hörð og flokkur sem sinnir ekki kröfum samtímans um jafnrétti getur átt það á hættu að missa fylgi.<sup>8</sup>

---

<sup>4</sup>Childs. 2004:18-19 og Starfshópur um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnnum. 2009: 4.

<sup>5</sup>Þorgerður Einarasdóttir 2007: 399-400.

<sup>6</sup>Þorgerður Einarasdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009: 21.

<sup>7</sup>Þorgerður Einarasdóttir 2005: 306. Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárdsóttir 2001:48, Þorgerður Einarasdóttir 2007: 398-400.

<sup>8</sup>Auður Styrkárdsóttir 2005: 58.

### 3.1 Saga kosningaréttar íslenskra kvenna

Umgjörð stjórnmalanna, ásamt þeim venjum og hefðum sem þar ríkja, er sköpuð af körlum, enda á forskot þeirra í stjórnmalum sér langa sögu.<sup>9</sup> Saga kosningaréttar kvenna er ekki löng, en kynbundnu ójafnrétti í kosningalögum var víðast hvar útrýmt í Norður- Evrópu og Norður-Ameríku á árunum í kringum heimsstyrjöldina fyrri. Árið 1881 samþykkti Alþingi frumvarp sem veitti konum takmarkaðan rétt til þátttöku í sveitarstjórnarkosningum. Þá fengu konur sem voru orðnar fertugar kosningarétt, en ekki kjörgengi. Ein af ástæðunum sem nefndar voru fyrir þeirri tilhögun var að ekki þótti sanngjarnt að leggja það álag á konur sem fylgdi setu í sveitarstjórnnum. Vegna þessarar „umhyggju fyrir heilsu þeirra og velferð“ fengu þær ekki kjörgengi.<sup>10</sup> Þann 19. júní 1915 staðfesti Kristján 10., konungur Íslands og Danmerkur, frumvarp til laga um kosningarétt og kjörgengi íslenskra kvenna til Alþingis. Þessi réttur var takmarkaður í fyrstu og náði einungis til kvenna sem höfðu náð fjörutíu ára aldri. Með nýrri stjórnarskrá sem tók gildi árið 1920 fengu íslenskar konur kosningarétt og kjörgengi til jafns við karla.

Afstaða þingmanna á Alþingi til kosningaréttar kvenna var á svipuðum nótum og annars staðar í Evrópu. Kyn hafði lengi þvælst fyrir þeim sem fjölluðu um þessi mál, en fáir gátu þó fært haldbær rök fyrir því að útiloka konur frá þátttöku í lýðræðislegum kosningum.<sup>11</sup> Það var ekki almennt viðhorf ráðamanna að þessi nýfengnu réttindi myndu verða til þess að konur færu að sækjast til valda í samfélaginu, ekki var talið að konur myndu „ganga gegn eðli sínu“ og seilast til valda. Því þótti lítil hættu á að þáverandi skipulag myndi breytast og gengið var út frá að örlítill minnihluti kvenna myndi nýta sér þessi réttindi.<sup>12</sup> Reyndar var hlutur kvenna í pólitísku lífi lengst af mjög lítill hér á landi. Konum fór ekki að fjölga að ráði á þingi og í sveitarstjórnnum fyrir en sérstök kvennaframboð voru stofnuð á áttunda áratug síðustu aldar. Þá jókst hlutur kvenna á Alþingi úr 5% í 15%. Næsta stóra stökk var árið 1999 þegar hann jókst úr 25% í 35% og í Alþingiskosningunum árið 2009 fór hlutur kvenna á Alþingi úr 32% í 43%. Þá fyrst var kynjahlutfall meðal þingmanna á Íslandi og í ríkisstjórn orðið sambærilegt við hlutfallið á hinum Norðurlöndunum.<sup>13</sup>

---

<sup>9</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009: 7.

<sup>10</sup> Guðmundur Hálfðánarson 2005: 27.

<sup>11</sup> Guðmundur Hálfðánarson 2005: 22.

<sup>12</sup> Guðmundur Hálfðánarson 2005: 34 og Sigríður Matthíasdóttir 2005a: 65.

<sup>13</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009: 8.

Því hefur löngum verið haldið fram að helstu ástæðurnar fyrir lítilli stjórn málaþátttöku kvenna og takmörkuðum framgangi þeirra á stjórn málasviðinu framan af hafi verið skortur á metnaði og sjálfstrausti til þátttöku. Gögn um hlut kvenna í stjórn málum á Íslandi benda til þess að slíkar fullyrðingar eigi ekki við rök að styðjast. Frá árinu 1963 hefur hlutfall kvenna í framboði ávallt verið hærra en hlutfall þeirra sem nær kjöri og allt fram til ársins 1979 náði hlutfall kjörinna þingkvenna hæst 5%, þótt konur væru þá orðnar 27% frambjóðenda.<sup>14</sup> Hlutfall þeirra kvenna sem bjóða sig fram til sveitarstjórna hefur þrefaldast síðastliðin 30 ár. Í sveitarstjórnarkosningunum árið 2006 voru konur 40% frambjóðenda. Þrátt fyrir það voru eftir þær kosningar fimm einkynja sveitarstjórnir, en í þeim sitja einvörðungu karlar.<sup>15</sup>

### 3.2 Femínískar kenningar

Öll þekkt þjóðfélög viðhafa aðgreiningu eftir kyni. Sú aðgreining hefur áhrif á stöðu og möguleika fólks í lífinu og því er kyn grundvallaratriði í mannlegri tilveru. Áhrif kyns eru víðfeðm og djúptæk á líf okkar. Að baki liggja beinar og áþreifanlegar líffræðilegar orsakir en einnig óáþreifanleg áhrif hefða og viðhorfa. Þessi áhrif eru oft dulin og af þeim sökum er hætt við að þau séu vanmetin.<sup>16</sup> Þegar því er haldið fram að kyn skipti ekki máli er litið fram hjá mismunandi væntingum og viðhorfum til karla og kvenna, sem hafa mikil áhrif á hegðun okkar og lífshlaup frá vöggu til grafar. Vissulega er munur á kynjunum. Að hluta til er um líffræðilegar orsakir að ræða, en konur og karlar hafa mismikið magn af hormónum. Sú skýring hrekkur þó skammt til þess að útskýra mismunandi hegðun karla og kvenna. Væri hægt að útskýra kynjamun á líffræðilegan hátt, væri líklega ekki um mikinn mun að ræða á milli menningarsamfélaga. Því er óhætt að fullyrða að menning og umhverfi skipti miklu máli í þessu sambandi.<sup>17</sup>

Í þessari ritgerð er notast við sjónarmið og hugtök sem þróuð hafa verið innan kynjafræða. Kynjafræði er að öllu jöfnu ekki flokkuð sem sérstök fræðigrein, heldur sem fræðasvið og sjónarhorn innan hefðbundinna fræðigreina. Áherslur á fræðasviðinu hafa breyst og það sem áður nefndist kvennafræði er nú nefnt kynjafræði og ýmiss konar femínismi hefur tekið við af því sem áður var kallað kvenréttindabarátta. Kynjafræðin beinir sjónum sínum að því hvernig kyn er notað til þess að tákngera valdamun, innan

---

<sup>14</sup> Þorgerður Einarsdóttir 2005: 306.

<sup>15</sup> Starfshópur um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynja í sveitarstjórnnum 2009: 5 og 16.

<sup>16</sup> Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 4.

<sup>17</sup> Andersen 2003: 27-28.

fræðasviðsins er kyn sett í samhengi við þann túlkunarramma sem liggur til grundvallar skilningi okkar á hlutunum. Þannig er hugtakið kyn notað sem greiningartæki.<sup>18</sup>

### 3.2.1 Óumbreytanlegt eðli karla og kvenna?

Hugmyndir um mismunandi og óumbreytanlegt eðli karla og kvenna hafa lengi verið við lýði. Slík hugmyndafræði hefur einkennt vestræna hugsun til dagsins í dag og er enn víða notuð til þess að útskýra valdamun kynjanna; að karlar séu valdameiri í flestum samfélögum vegna þess að þeir séu betur til þess fallnir frá náttúrunnar hendi. Slíkar kenningar byggja yfirleitt á líffræðilegum mun kynjanna og þær má að mörgu leyti rekja til skrifa Platós og Aristotelesar. Þetta viðhorf er víða að finna innan menningar okkar og í tungumálinu og þessi hugmyndafræði hefur meðal annars leitt af sér kenningar á borð við að karlar hafi stærri heila og hugsu því rökréttar en konur, sem láti aftur á móti stjórnast af tilfinningum og geðþóttaákvörðunum. Sprottnar af sama meiði eru hugmyndir um að konur séu umhyggjusamari að eðlisfari og séu því færari til að sinna verkefnum á borð við uppeldi og heimilishald. Færni karla til rökréttar hugsunar er samkvæmt þessari hugmyndafræði ástæða þess að þeir eru í valdastöðum, konur aftur á móti að eilífu dæmdar til þess að hafa minni völd vegna óumbreytanlegra líffræðilegra ástæðna.

Slíkur hugsunarháttur, kynjamismunur (sexism), hefur vissulega verið á undanhaldi undanfarna áratugi, ekki síst vegna þess að jafnréttisumræða er orðin hluti af daglegri umræðu. Margir telja þó, að þrátt fyrir að körlum og konum séu tryggð jöfn réttindi samkvæmt lögum hamli slíkar staðalmyndir konum mjög og haldi þeim niðri.<sup>19</sup>

Í þessu sambandi er vert að geta hugmynda um ímynd stjórnmalamanna. Margir hafa haldið því fram að hún sé samofin hugmyndum um karlmennsku, þeirra á meðal er Sigríður Matthíasdóttir. Sigríður hefur bent á að þegar íslensk stjórnálaumræða var í mótun á síðari hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. hafi orðræðan verið afar karllæg og að enn eimi eftir af þessum hugmyndum.<sup>20</sup> Á undanförunum árum hefur sú skoðun rutt sér víða til rúms, ekki síst þegar hlutur kvenna í stjórnálum og öðrum ábyrgðarstöðum kemur til tals, að kyn skipti ekki máli, heldur verðleikar einstaklingsins. En á sama tíma er kyn stjórnálakvenna

---

<sup>18</sup> Þorgerður Einarsdóttir 2004: 211.

<sup>19</sup> Kjartan Ólafsson ofl. 2006: 8, Sigríður Þorgeirsdóttir 2002a og Sigríður Þorgeirsdóttir 2002b:90.

<sup>20</sup> Sigríður Matthíasdóttir 2005a: 90-91 og 204-219.

oft gert að megineinkennum þeirra og vísað til þess eins og um tegundareinkennum væri að ræða.<sup>21</sup>

Mikilvægt er í þessu sambandi að greina á milli tveggja hugtaka sem eru kyn (sex) og kyngervi (gender). Kyn er líffræðilega skilgreiningin á því að vera karl eða kona. Kyngervi er aftur á móti notað um þá menningarbundnu merkingu sem samfélagið leggur í hið líffræðilega kyn. Í því felast væntingar um hvernig konur og karlar eiga að hegða sér. Kyngervi lærist af umhverfinu og í félagslegum samskiptum. Það að vera karlkyns eða kvenkyns er líffræðilegt, en að verða að karli eða konu er menningarlegt ferli.<sup>22</sup> Eða svo vitnað sé í fleyg orð Simone de Beauvior; „Maður fæðist ekki kona, heldur verður kona.“

### 3.2.2 Kynjakerfið

Í gegnum tíðina hafa komið fram ýmsar kenningar um tengsl kynjanna. Breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby hefur talað um kynjakerfi (gender order, gender regime, patriarchy), sem hún skilgreinir sem „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna“. Kynjakerfið er síður en svo alltaf sýnilegt, heldur liggur það í margs konar félagslegum athöfnum. Samkvæmt hugmyndum Walby eru til tvenns konar kynjakerfi; annað þeirra tilheyrir einkasviðinu og hitt tilheyrir opinbera sviðinu. Sex meginsvið bera kynjakerfið uppi; atvinnulíf, fjölskylda/heimili, ríkisvald, ofbeldi, kynverund og menning. Sviðin eru sjálfstæð, en tengjast þó innbyrðis.<sup>23</sup> Kynjaskekkja í stjórnámálum er ein af birtingarmyndum þessa kynjakerfis.<sup>24</sup>

Á 9. áratug síðustu aldar lagði sænska fræðikonan Yvonne Hirdman fram kenninguna um kynjakerfið sem hún taldi grunnkerfi sænsks samfélags. Hún sagði það gegnsýra allt samfélagið; pólitískt, efnahagslegt og félagslegt. Kynjakerfið byggir á tveimur stöðum; annars vegar aðgreiningu kynjanna, að til sé eitthvað sem heitir kvenlegt og eitthvað annað sem heitir karlmannlegt og að þetta tvennt beri að aðskilja. Hin stöðin er að staða karlmannna er æðri stöðu kvenna, hið karlmannlega er álitid eðlilegt, það er „normið“ og athafnir karlmannna eru samfélaginu meira virði. Hagsmunir kvenna séu sérhagsmunir þeirra og

---

<sup>21</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009: 20 og Þorgerður Einarsdóttir 2005: 305-306.

<sup>22</sup> Andersen 2003: 27-32.

<sup>23</sup> Þorgerður Einarsdóttir 2006: 446-454.

<sup>24</sup> Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir 2009: 9.



koma samfélaginu í heild ekkert endilega við.<sup>25</sup> Þessi kenning hefur verið notuð til að skýra stöðu kvenna í stjórnámálum og í fjölmiðlum.

Í næsta kafla verður fjallað um fjölmiðla og hvaða áhrif þeir eru taldir hafa á samfélagið. Sjónum er beint að birtingarmyndum kynjanna í fjölmiðlum og rannsóknum á því sviði.

---

<sup>25</sup> Auður Styrkársdóttir 2005: 53, Roman 2009: 110-111 og Borchorst 2009: 31.

## 4 Fjölmiðlar

Í flestum heimshlutum eru fjölmiðlar eitt öflugasta tæki samfélagsins á sviði efnahags, stjórn mála og menningar, þar sem þeir eru stærsta upplýsingaveitan sem völ er á. Fjölmiðlar koma upplýsingum og hugmyndum á framfæri, þar eru málefni kynnt til sögunnar og þau eru rökrædd. Þannig taka fjölmiðlar þátt í að koma á ýmsum félagslegum breytingum en geta líka, á sama hátt, staðið í vegi fyrir þeim. Í síbreytilegu nútímasamfélagi gegna fjölmiðlar mikilvægu hlutverki sem þekkingaruppspretta. En á sama tíma skapa þeir ákveðna samkennd og gera okkur þannig kleift að spegla okkur í aðstæðum annarra.

### 4.1 Áhrif fjölmiðla

Sama hvort okkur líkar betur eða verr verða áhrif fjölmiðla á daglegt líf okkar tæpast umflúin. Samkvæmt Luhman er vitneskja okkar um samfélagið og veröldina að stórum hluta fengin úr fjölmiðlum, fæstar af þeim hugmyndum sem við höfum um félagslegan veruleika eru sprottnar upp úr eigin reynsluheimi.<sup>26</sup> Í sama streng tekur Ben. H. Bagdikian: „Fjölmiðlar verða að áhrifavaldi sem ákvarðar hvað er rétt og hvað er rangt, hvað er raunveruleiki og hvað er ímyndun, hvað er mikilvægt og hvað er hversdagslegt. Ekkert afl er hefur jafn mikil áhrif á huga almennings.“<sup>27</sup>

Í lýðræðislegum samfélögum er almennt gengið út frá því sem vísu að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki í skoðanaskiptum og áhersla er lögð á það aðhald sem þeir eiga að veita stjórnvöldum og fyrirtækjum.<sup>28</sup> Fjölmiðlar eru mikilvæg tæki til að skilja heiminn, menningarlegir áhrifavaldar sem hafa óhjákvæmilega áhrif á heimssýn okkar.<sup>29</sup> Í nútímasamfélagi þar sem fréttir eru sendar út allan sólarhringinn skiptir máli hverjir fá pláss í fjölmiðlum og hvernig um þá er fjallað. En það er ekki síður mikilvægt að veita því eftirtekt hverjir fá ekki pláss og um hvað er ekki fjallað.

---

<sup>26</sup>Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009: 44.

<sup>27</sup>Bagdikian 1997: 44 „*The mass media become the authority at any given moment for what is true and what is false, what is reality and what is fantasy, what is important and what is trivial. There is no greater force in shaping the public mind.*“

<sup>28</sup>Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009: 43.

<sup>29</sup>Day 2006: 419.

Norman Fairclough er fræðimaður sem hefur rannsakað samspil fjölmiðlaorðræðu og samfélags. Í rannsóknum sínum leggur hann áherslu á gagnvirkni sambandsins og segir að fjölmiðlar mótist af því samfélagi sem þeir eru hluti af um leið og þeir eru virkt afl í að móta samfélagsgerðina á hverjum tíma. Hvaða þjóðfélagshópar hafa greiðan aðgang að fjölmiðlum og hverjir eru útilokaðir frá þeim er því afar þýðingarmikið. Almennt gildir það að þeir sem þegar hafa aðgang að efnahagslegum, pólitískum og menningarlegum völdum hafa greiðastan aðgang að fjölmiðlum. Um leið hafa þeir tækifæri til þess að viðhalda þessari yfirburðastöðu sinni, vegna þess að það að vera alltaf í fjölmiðlum eykur félagsauð og þar með samfélagslegt mikilvægi. Fairclough orðar þetta þannig: „Með því að leita alltaf til sama hópsins eiga fjölmiðlar þátt í að viðhalda núverandi ástandi í stað þess að breyta því.“<sup>30</sup>

Fjölmiðlar bjóða okkur ekki einungis upp á fréttir eða skemmtiefni, þeir skapa sameiginlegan skynjunarmáta og móta þannig skynjun okkar.<sup>31</sup> Í skýrslu menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla 2005 segir að fréttamenn taki ákvörðun um hvað telst frétt næmt og áhersla er lögð á að valið sjálft hljóti alltaf að ráðast af fréttamati fréttamanna og fréttastjóra.<sup>32</sup> Í þessu sambandi er vert að geta tilgátunnar um dagskráráhrif fjölmiðlanna sem kennd er við McCombs og Shaw, en innihald hennar er í stuttu máli á þá vegu að fjölmiðlarnir stjórni ekki hvernig fólk hugsar, en hins vegar stjórni þeir því hvað fólk hugsar um.<sup>33</sup> Fræðikonan Nathalie Koivula telur áhrif fjölmiðla vera sérlega mikil í ljósi þess að fjölmiðlar móta veruleikann jafn mikið og þeir endurspegla hann. Í þessu felst til dæmis að þegar fjölmiðlafólk velur viðfangsefni eða viðmælanda er á sama tíma verið að sýna fram á þann veruleika sem viðkomandi hefur valið.

---

<sup>30</sup> „Newsworthy events originate from the contracted set of people who have privileged access to the media, who are treated by journalists as reliable sources, and whose voices are the ones which are most widely represented in media discourse.“ Fairclough 2005: 110 og Þorgerður Þorvaldsdóttir 2005: 2.

<sup>31</sup> Koivula 1999: 589.

<sup>32</sup> Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla 2005:1.

<sup>33</sup> McCombs 2004:17.

## 4.2 Fjölmiðlar – spegill samtíðarinnar?

Eftirfarandi fullyrðing er sótt til James Carey: „...*reality is brought into existence...by communication...*“ Veruleikinn öðlast tilvist vegna atbeina boðskipta.<sup>34</sup> Sé þessi staðhæfing heimfærð upp á fjölmiðla, má skilja hana á þann hátt að hlutirnir gerist ekki nema sagt sé frá þeim í fjölmiðlum. Því hefur verið haldið fram að við lifum á tímum þar sem gildi okkar í mannlegu samfélagi sé metið út frá sýnileika í fjölmiðlum. Það að sjást eða heyrast í ljósvakamiðlum og á prenti er í einhverjum skilningi forsenda þess að vera til, að vera tekin gild í samfélagsumræðunni. Ósýnilegir einstaklingar eða hópar, sem sjaldan eða aldrei sjást í fjölmiðlum, eru því á táknrænan hátt ekki til. Samkvæmt þessu eru þeir ekki samfélagslegir gerendur sem mark er á takandi.<sup>35</sup> Þótt deilt sé um hvers eðlis áhrif fjölmiðla séu á þjóðfélag og þegna þess, eru fræðimenn nánast á eitt sáttir um að þeir hafi veruleg áhrif á samtíð sína. Jafnvel svo mikil að fjölmiðlar eru víða skilgreindir sem fjórða valdið.

Þegar sagt er að fjölmiðlar séu spegill samtíðarinnar er yfirleitt átt við að þeir endurspegli það sem er að gerast hverju sinni. Svokölluð speglunarkenning, eða reflection theory, hefur verið notuð til þess að útskýra mismunandi birtingarmyndir einstakra hópa í fjölmiðlum. Í stuttu máli sagt er inntak kenningarinnar á þá leið að fjölmiðlar endurspeglar ríkjandi gildi samfélagsins og að þær ímyndir sem birtast í fjölmiðlum séu birtingarmynd þess sem meirihlutinn telur vera rétt og satt. Aðalástæða þessa er, samkvæmt kenningunni, kapítalísk uppbygging fjölmiðlanna sem gerir það að verkum að þeir eru háðir því að höfða til sem flestra.<sup>36</sup>

En er þetta rétt skilgreining; endurspeglar fjölmiðlar einhvers konar veruleika? Það sem fram kemur í fjölmiðlum hljóta að vera allra fréttæmustu atburðirnir og einstaklingarnir, annars kæmu þeir varla í fjölmiðlum. Eða er hugsanlegt að jafnvel fréttæmari atburðir og einstaklingar séu til og eigi sér stað án þess að fjölmiðlar greini frá þeim? Í bók sinni *Ritlist, prentlist, nýmiðlar* fjallar Þorbjörn Broddason um þá kröfu að við fréttaval sé gætt að mikilvægi atburðanna. Þar segir að þessi krafa geti reynst erfið viðfangs vegna þess hve matið á mikilvægi hljóti að vera afstætt. Þar af leiðandi sé enginn óyggjandi eða endanlegur

---

<sup>34</sup> Carey 1992: 25.

<sup>35</sup> Þorgerður Þorvaldsdóttir 2005.

<sup>36</sup> Andersen 2003: 65 og Birgir Guðmundsson 2007.

mælikvarði til á mikilvægi fréttæfnis. „Réttmætt virðist vera að velja til frásagnar þá atburði sem snerta almenning mest eða hafa mest áhrif á líf hans.“<sup>37</sup>

Sú skilgreining á fjölmiðlum að þeir séu spegill getur því samkvæmt þessu tæpast verið rétt, því aðeins örlítill hluti þess sem gerist í heiminum hverju sinni ratar inn í fjölmiðla. Dregið er úr mikilvægi sumra hópa á meðan mikilvægi annarra er ýkt stórlega. Þessari fullyrðingu til stuðnings má benda á niðurstöður rannsókna á konum og stjórnmalakonum í fjölmiðlum sem fjallað er um síðar í þessari ritgerð. Þær niðurstöður endurspeglar síður en svo hlutfall karla og kvenna í ábyrgðarstöðum í stjórnmalum.

### 4.3 Fjölmiðlar sem kynjaðar stofnanir

Femínískt fræðifólk hefur notað hugtakið kynjaðar stofnanir til að vísa til þess hvernig kyn birtist í hugmyndafræði og valddreifingu í hinum ýmsu samfélagsstofnunum. Hin hefðbundna sýn á mismunandi stöðu, getu og eiginleika kynjanna, sem lýst var hér að framan, er jafngreipt í starfsvitund fjölmiðlanna og í aðrar stofnanir samfélagsins. Fjölmiðlarnir eru ekki síður kynjaðar stofnanir en margar aðrar, þar á meðal stjórnmal. Samkvæmt fræðikonunni Jill Bystydzienski eru stjórnmal mjög kynjuð stofnun, aðeins herinn er meira kynjuð stofnun samkvæmt kenningum Bystydzienski.<sup>38</sup>

Fjölmiðlar víða um heim hafa verið gagnrýndir fyrir að sýna einhæfa mynd af konum. Þeir leggja ýmist ofuráherslu á móðurhlutverkið eða á að konur séu fyrst og fremst kynferðisleg viðföng og víða er gefið til kynna að konur búi yfir minni greind en karlar. Sú mynd er sums staðar dregin upp að þær hafi fyrst og fremst áhuga á heimilisstörfum og þær eru vegnar og metnar eftir útliti og barneignum.<sup>39</sup>

Fræðikonan Lisbet Van Zoonen segir að fjölmiðlar skilgreini konur í meiri mæli út frá fjölskylduhögum en karla.<sup>40</sup> Dæmi um staðalmyndir, sem algengt er að fjölmiðlar dragi upp af stjórnmalakörlum og –konum, er að gera ráð fyrir að kvenkyns frambjóðandi sé reynsluminni en karlkyns kollegi hennar og að stjórnmalakonur viti meira um dagvistunarmál en minna um efnahagsmál og framkvæmdir, sem aftur á móti eiga að vera

---

<sup>37</sup> Þorbjörn Broddason 2005: 33.

<sup>38</sup> Bystydzienski 1995: 83.

<sup>39</sup> The gender and media handbook 2005: 8.

<sup>40</sup> Van Zoonen 1995: 319.

sérsvið stjórnmalakarla. Í slíkum staðalmyndum felst í raun að konur séu umhyggjusamar en karlar framkvæmdasamir og ágengir.<sup>41</sup>

---

<sup>41</sup>Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2003: 6 og Kaid 2004: 443.

## 5 Konur í fjölmiðlum

Margir hafa orðið til þess að vekja athygli á birtingarmyndum kvenna í fjölmiðlum. Upp frá þeirri vinnu spratt nýtt fræðasvið innan femínískra fræða sem gengur út á að skoða birtingarmyndir kvenna í dægurmenningu, fjölmiðlum og víðar.<sup>42</sup> Samkvæmt mörgum þeirra kenninga, sem tengjast þessu fræðasviði, eru fjölmiðlar taldir vera einn orsakavaldur þess að kynjamisrétti hefur haldið áfram að viðgangast, þrátt fyrir lög og reglugerðir sem gera það óheimilt.<sup>43</sup>

Um þetta eru þó skiptar skoðanir. Í bók sinni *McQuail's reader in Mass Communication Theory* heldur fjölmiðlafræðingurinn Dennis McQuail því fram að um of mikla einföldun sé að ræða. Hann segir að það hafi einkennt femínískar fjölmiðlarannsóknir að líta á áhrif fjölmiðla sem „sendandi – skilaboð- viðtakandi“ eða „sender-message-reciever“. Með þessu á hann við að ekki megi líta á fjölmiðla sem „svartan kassa“ sem miðlar fordómum eigenda sinna eða starfsmanna til samfélagsins, alltaf þurfi að taka tillit til mismunandi forsendna einstaklinga til að meðtaka fjölmiðla og varast að tala um bein áhrif fjölmiðla á þá sem þeirra neyta.<sup>44</sup>

Annað sjónarhorn er að sú mynd sem fjölmiðlarnir draga upp af atburðum og málefnum verður oft á tíðum sá útgangspunktur eða dagskrárramma sem samfélagsleg umræða byggist á. Fjölmiðlar setja mál á dagskrá og slá tóninn í opinberri umræðu. En niðurstaðan verður alltaf fyrst og síðast í höndum okkar sjálfra.<sup>45</sup>

### 5.1 Rannsóknir á konum í fjölmiðlum

Rannsóknir á birtingarmyndum kynjanna í fjölmiðlum eiga sér þó nokkra sögu. Líklega vakti Betty Friedan einna fyrst athygli á þeim í bók sinni *The feminine mystique*, sem kom út árið 1963. Í lok 7. áratugarins var mikil vakning á þessu sviði í Bandaríkjunum, ýmis grasrótarsamtök létu til sín taka og mótmæli voru tíð. Litlum sögum fer þó af því hversu áhrifarík þessi mótmæli voru og hvort þau ollu róttækum breytingum á starfsháttum

---

<sup>42</sup>Klara Kristín Arndal 2009: 4 og Baehr og Gray 1996: 1.

<sup>43</sup>Kramarae og Spender 2000: 1337.

<sup>44</sup>McQuail 2003: 47.

<sup>45</sup>Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009: 44.

fjölmiðlanna.<sup>46</sup> Fræðikonan Judith Marlane, sem hefur ritað mikið um konur í bandarískum fjölmiðlum segir að birtingarmyndir kvenna í þarlendum fjölmiðlum hafi víðtæk áhrif á viðhorf til kynjahlutverka. Allt of oft séu konur sýndar sem veiklundaðar, tilfinninganæmar eða sem tálkvendi og sífellt séu send skilaboð um að konur beri ekki að taka alvarlega. Fjöldi rannsókna hefur sýnt álfka niðurstöður.<sup>47</sup>

Ljóst er að fjölmiðlar endurspegla ekki veruleika kvenna til fulls þar sem hann þykir ekki jafnfréttæmur og þeir hlutar samfélagsins þar sem karlar eru ráðandi. Þá halda fjölmiðlar á lofti hefðbundinni stöðu kvenna og kynímyndum, til dæmis með því að sýna konur í öðru umhverfi en karla. Með því að sýna karla og konur á einhæfan hátt eru fjölmiðlar ekki að sinna hlutverki sínu að endurspegla samfélagið á trúverðugan hátt.<sup>48</sup> Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að verulegu máli skiptir fyrir börn að geta samsamað sig þeim fyrirmyndum sem birtast í fjölmiðlum. Þetta hefur til dæmis verið skoðað með tilliti til íþróttaumfjöllunar, en þar hallar verulega á konur. Í ljós kom, að hafi stúlkur íþróttakonur sem fyrirmyndir í fjölmiðlum, er líklegra að þær hafi áhuga á og leggi stund á íþróttir.<sup>49</sup>

Flestar rannsóknir á þessu sviði hafa leitt í ljós að hlutur kvenna í fjölmiðlum er talsvert rýrari en hlutur karla. Rannsóknir framkvæmdar í Bandaríkjunum um miðjan áttunda áratug síðustu aldar leiddu í ljós að konur voru um 15% þeirra sem fjallað var um í fréttum.<sup>50</sup> Bresk rannsókn sýndi að konur voru 18% þeirra sem komu fram í þarlendum fréttatímum.<sup>51</sup>

Mikilvægi fjölmiðlarannsókna sem áhrifavalds til að breyta stöðu jafnréttismála til hins betra var opinberlega viðurkennt af Sameinuðu þjóðunum á ráðstefnu í Peking árið 1995. Í framhaldi af því var fyrsta *The Global Media Monitoring Project (GMMP)* rannsóknin framkvæmd, en það er stærsta alþjóðlega rannsóknin á konum og körlum í fjölmiðlum sem gerð hefur verið. Um er að ræða alþjóðlega rannsókn, hún er gerð á fimm ára fresti og þar eru fréttamiðlar í sjötíu og sex löndum víða um heim greindir með tilliti til birtingarmynda kynjanna á tilteknum degi.<sup>52</sup> Rannsóknin var síðast framkvæmd í byrjun nóvember 2009 og þá voru fleiri lönd með í henni, þar á meðal Ísland. Niðurstaðna úr þeirri rannsókn er að

---

<sup>46</sup>Kramarae og Spender 2000: 1336-1337 og Tuchman 1996: 11 -14.

<sup>47</sup>Marlane 1999: 231 og Day 2006: 424.

<sup>48</sup>Gallagher 2005: 17, Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 29 og Kramarae og Spender 2000: 1337.

<sup>49</sup>Koivula 1999: 590 – 592 og Kjartan Ólafsson ofl. 2006: 123.

<sup>50</sup>Gunter 1995: 25.

<sup>51</sup>Gunter 1995: 28.

<sup>52</sup>Gallagher 2005: 11-13.



vænta árið 2010. En niðurstöður GMMP 2005 sýndu að konur voru viðfang 21% fréttar.<sup>53</sup> Sjónarmið kvenna heyrðust sjaldan varðandi þau málefni sem voru fyrirferðarmest í fréttum daginn sem rannsóknin fór fram, reyndar var ekkert fréttæfni þar sem konur voru oftast umfjöllunarefni en karlar. Oftast voru konurnar sem fjallað var um einhvers konar „stjörnur“, fegurðardísir eða konungbornar og þær koma sjaldnast fyrir sem valdamenn.

Ýmsar rannsóknir hafa verið gerðar á birtingarmyndum kynjanna í íslenskum fjölmiðlum. Niðurstöðurnar virðast allar bera að sama bruni; konur og karlar fá mismunandi umfjöllun og einnig er umfjöllun um kynin mismikil. Dr. Sigrún Stefánsdóttir fjölmiðlafræðingur rannsakaði sjónvarpsfréttir RÚV á árunum 1966 til 1986. Niðurstaða hennar sýndi að 91,6% sjónvarpsviðtala voru við karlmenn, en viðtöl við konur voru 8,4%. Allt til ársins 1971 var ekkert fréttaviðtal við konur í þeim mánuðum sem Sigrún skoðaði, sem voru maí og nóvember. Hluttur kvenna var þó kominn í 13% árið 1986. Á tímabilinu sem rannsakað var voru viðtöl við konur sett aftar í fréttatíma en viðtöl við karla og einungis í einum málaflökki, jafnréttismálum, voru viðmælendur fréttamanna oftast konur en karlar.<sup>54</sup> Rannsókn sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 1994 sýndi að í 18,2% tilvika var rætt við konur í fréttatímum RUV og konur í stjórnámálum fengu 12,3% hlut á móti 87,7% hlut karla í stjórnámálum.<sup>55</sup>

Árið 1998 skipaði menntamálaráðuneytið sameiginlega nefnd ráðuneytisins og Skrifstofu jafnréttismála um konur og fjölmiðla. Meginverkefni nefndarinnar var að kortleggja íslenskan fjölmiðlaveruleika með tilliti til stöðu kvenna. Einnig átti nefndin að leggja fram tillögur um hvort og hvaða hlutverki fjölmiðlar hafa að gegna í þessum efnum og fjalla um þær kynímyndir og þau kynhlutverk sem fjölmiðlar endurspeglar og áhrif fjölmiðla á að viðhalda þeim eða breyta.<sup>56</sup> Annað verkefni nefndarinnar var að innihaldsgreina fjölmiðlaefni á tilteknu tímabili. Í ljós kom að hluttur kvenna var tæp 32% á móti um 68% hlut karla. Niðurstöðurnar voru bornar saman við evrópskar rannsóknir og í ljós kom að kynjahlutföllin voru nánast þau sömu. Þá var mikill munur á milli kynjanna í birtingum annars vegar og töluðu máli hins vegar, þ.e. konur sáust sjaldnar en karlar á

---

<sup>53</sup>Gallagher 2005: 17.

<sup>54</sup>Sigrún Stefánsdóttir 1988: 50 – 54 og Hildur Jónsdóttir 1990.

<sup>55</sup>Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2002.

<sup>56</sup>Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 5

sjónvarpsskjánum og það heyrðist enn minna í þeim.<sup>57</sup> Hluttur kvenna í fréttatímum sjónvarpsstöðvanna var 26,8% á móti 73,2% hlut karla.<sup>58</sup>

Hilmar Thor Bjarnason fjölmiðlafræðingur gerði könnun á því hvernig kynin birtust í íþróttaumfjöllun dagblaðanna á tímabilinu 1. maí 1999 til 30. apríl 2000. 84,7% íþróttufréttanna fjölluðu um íþróttir karla, 7,1% um íþróttir kvenna og 188 eða 8,1% um íþróttir almennt. 92% viðmælenda voru karlar og 8,0% viðmælenda voru konur.<sup>59</sup>

Árið 2005 var gerð innihaldsgreining á sex fréttapáttum í Ríkissjónvarpinu og Stöð 2. Greindir voru innri og ytri þátttakendur og niðurstöðurnar voru að konur gegndu einhvers konar hlutverki í fréttum í 24% tilvika og karlar í 76% tilvika.<sup>60</sup> Með ytri þátttakendum er átt við einstaklinga sem eru fréttaeefni eða er rætt við. Með innri þátttakendum er átt við starfsfólk fjölmiðla, í þessu tilviki fréttamenn.

Hlutfall karla og kvenna í fréttatímum og fréttatengdu efni RÚV og Stöðvar 2 var kannað í apríl árið 2005. Í ljós kom að 19% viðmælenda í fréttum Stöðvar 2 og 25% viðmælenda Ríkissjónvarpsins voru konur. Þátttakendur í efnisflokknum innlend stjórnsmál voru 31 karl og 6 konur.<sup>61</sup> Niðurstöður rannsóknarinnar voru mjög skýrar; karlar birtast mun oftari í íslenskum fréttum og fréttatengdum þáttum en konur.<sup>62</sup>

Rannsókn á sjónvarpsfréttum sem unnin var fyrir menntamálaráðuneytið árið 2005 leiddi í ljós að heildarhlutfallið milli kynja var 78,3% karlar og 21,7% konur. Skoðaðir voru ytri þátttakendur, en það voru allir viðmælendur, þeir sem talað var um eða greint frá.<sup>63</sup> Árið 2005 greindu Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir myndefni á forsíðu Fréttablaðsins. Greiningin leiddi í ljós verulega kynjagslasiðu, en af þeim 199 myndum sem sýndu fólk voru 139 af karlmönnum á móti 51 af konum. Af konunum tengdust 22% stjórnsmálum og 78% karlanna.<sup>64</sup> Rannsakendurnir töldu að niðurstöðurnar væru ekki bara einkennandi fyrir

---

<sup>57</sup>Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 7.

<sup>58</sup>Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 8.

<sup>59</sup>Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 20.

<sup>60</sup>Margrét Valdimarsdóttir 2005: 3-4, 9 og 22.

<sup>61</sup>Margrét Valdimarsdóttir 2005: 6, 9 og 10.

<sup>62</sup>Margrét Valdimarsdóttir 2005: 22.

<sup>63</sup>Margrét Valdimarsdóttir 2005: 3-4.

<sup>64</sup>Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2005: 370-371.

Fréttablaðið sem slíkt, heldur væri hér um að ræða endurspeglun á almennum viðhorfum samfélagsins.<sup>65</sup>

Nýleg rannsókn á kynjahlutföllum í fréttavefmiðlunum mbl.is og visir.is leiddi í ljós að konur voru umfjöllunarefni í 22,5% fréttanna, en karlar í 77,5% fréttanna. Algengasta birtingarmynd kvenna á téðum fréttavefmiðlum var í hlutverki dægurstjarna en karlar birtust oftast sem íþróttamenn. Umfjöllun um einkalíf kvenkyns dægurstjarna hækkaði hlutfall kvenna á fréttavefmiðlunum.<sup>66</sup>

## 5.2 Stjórnmalakonur í fjölmiðlum

Því er oft haldið fram að fjölmiðlar styrki hefðbundnar væntingar um kynhlutverk og viðeigandi hegðun kvenna. Þegar konur stíga út fyrir þennan fyrirframgefna ramma eru fjölmiðlar, samkvæmt þessu, tregir til að samþykkja það og finna þá aðrar og „hefðbundnari“ leiðir til umfjöllunar. Sem dæmi um þessar hefðbundnari leiðir er þegar einblínt er á útlit stjórnmalakvenna, persónuleika þeirra, fjölskylduhagi og togstreituna á milli starfsframa og einkalífs. Samkvæmt fræðikonunni Annabelle Sreberny-Mohammadi eru stjórnmalakonur vel meðvitaðar um þetta.<sup>67</sup> Oft er meiri áhersla lögð á útlit og klæðaburð stjórnmalakvenna en það sem þær hafa fram að færa á vettvangi stjórnmalanna.<sup>68</sup>

## 5.3 Rannsóknir á stjórnmalakonum í fjölmiðlum

Hluttur stjórnmalakvenna í fjölmiðlum samsvarar ekki hlut þeirra í stjórnmalum. Rannsókn sem gerð var í Bretlandi stuttu fyrir kosningarnar árið 1997 leiddi í ljós að í sjónvarpsfréttatímum BBC, ITV og Channel 4 komu stjórnmalakonur fyrir átta sinnum en stjórnmalakarlar 127 sinnum. Allir þeirra 17 sérfræðinga sem voru spurðir álitis varðandi kosningarnar voru karlar.<sup>69</sup>

Samkvæmt GMMP-rannsókninni 2005 voru konur einungis 12% þess stjórnmalafólks sem fjallað var um í heildina, þrátt fyrir að hlutfall kvenna, sem starfa að stjórnmalum, hafi

---

<sup>65</sup>Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2005: 374.

<sup>66</sup>Kristín Ása Einarsdóttir 2008: 2,14 og 28.

<sup>67</sup>Kramarae og Spender 2000: 1339-1346 og Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2003: 7.

<sup>68</sup>Þorgerður Einarsdóttir 2005: 319, Kaid 2004: 445 og Childs 2004: 3.

<sup>69</sup>Keeble 2005a: 86.

víðast hvar verið töluvert hærra.<sup>70</sup> Konur voru 17% þeirra sérfræðinga sem talað var við eða vitnað til og þær voru sjaldan meginviðfangsefnið í stjórn málafréttum, eða í 8% tilfella.<sup>71</sup> Samkvæmt sömu rannsókn voru konur 32% þingmanna á Nýja-Sjálandi árið 2005, en voru 18% stjórn mála fólks í fréttum það árið og hlutfall stjórn mála kvenna í norskum fjölmiðlum var 30%. Þar voru 38% kjörins stjórn mála fólks konur.<sup>72</sup> Konur eru 49% atvinnustjórn mála fólks í Rúanda, en voru einungis 13% þess stjórn mála fólks sem fjallað var um í fréttum í GMMP-rannsókninni árið 2005.<sup>73</sup>

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á fjölmiðlaumfjöllun um íslenskar stjórn mála konur. Niðurstöðurnar hafa verið nokkuð svipaðar; stjórn mála konur fá talsvert minni umfjöllun í fjölmiðlum en stjórn mála karlar og gildir þá einu hvort um er að ræða ljósvakamiðla eða prentmiðla. Árið 1998 lét Alþingi vinna athugun í fjölmiðlum á hlut karla og kvenna í stjórn málum. Fréttir dagblaða og ljósvakamiðla voru innihaldsgreindar og birtingarmyndir karla og kvenna í stjórn málum skoðaðar í ljósi tíðni fréttu, starfsheita og þeirra mála flokka sem þau komu við sögu í. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru að hlutur stjórn mála kvenna í sjónvarpi var 46%, í dagblöðum 37% og í útvarpi 34%. Niðurstöður þessarar könnunar eru reyndar á skjön við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á hlut kvenna í fjölmiðlum, erfitt er að segja til um hvers vegna það er, en í greinargerð sem fylgir rannsókninni kemur fram að á könnunartímabilinu beindist kastljós fjölmiðlanna að konu sem tók við ráðherraembætti meðan á könnuninni stóð.<sup>74</sup> Það var Valgerður Sverrisdóttir, sem tók við embætti iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fyrst kvenna.

Rannsókn frá árinu 2000, sem unnin var fyrir nefnd um konur og fjölmiðla, sýndi, að af því stjórn mála fólki sem rætt var við, voru konur 14,1% og innan efnisflokksins innlend stjórn mála var hlutur kvenna 20%.<sup>75</sup> Það ár voru konur 34,9% þingmanna. Innihaldsgreining á fréttapáttum á RÚV og Stöð 2 árið 2005 leiddi í ljós að á rannsóknartímabilinu var rætt við stjórn mála fólki í 122 tilvikum; 98 karla og 24 konur.<sup>76</sup>

---

<sup>70</sup>Gallagher 2005: 17 og 22.

<sup>71</sup>Gallagher 2005: 18.

<sup>72</sup>Gallagher 2005: 37.

<sup>73</sup>Gallagher 2005: 17.

<sup>74</sup>Alþingi 2001.

<sup>75</sup>Alþingi 2001.

<sup>76</sup>Margrét Valdimarsdóttir 2005: 3-4, 9 og 22.

Rannsókn, sem gerð var á íslenskum vefmiðlum árið 2008, leiddi í ljós að konur fengu 15% af umfjöllun um innlend stjórnámál, en karlar 85%.<sup>77</sup> Þá voru konur 31,7% þingmanna.<sup>78</sup> Í ljósi þessa virðist verða óhætt að fullyrða að íslenskir fjölmiðlar endurspegla ekki kynjahlutföll í ábyrgðarstöðum í stjórnámálum og virðist einu gilda hvaða tegund fjölmiðils er skoðuð eða á hvaða tímabili rannsóknirnar eru gerðar.

Einhver áhrif hlýtur þetta misvægi að hafa. Einstaklingur, sem hefur stjórnámál að starfa og mætir reglulega í viðtöl í fjölmiðlum og tjáir sig þar um, hlýtur að verða þekktari og ná betri árangri í næsta prófkjöri en annar einstaklingur sem hefur setið jafnlengi á Alþingi en hefur aldrei verið boðið í viðtal. Verk kvenna og nálgun verða á þennan hátt minna sýnileg.<sup>79</sup>

### 5.3.1 Alþingiskosningarnar 2003 og 2007

Í rannsókn sinni við London School of Economics kannaði Hrafnhildur Ragnarsdóttir hvernig kvenkyns frambjóðendur til Alþingiskosninganna á Íslandi árið 2003 töldu fjölmiðla fjalla um sig. Hrafnhildur spurði 36 stjórnáalakonur hvort þær teldu sig hafa fengið annars konar umfjöllun en karlkyns frambjóðendur og hvort þær teldu að staðalmyndir um hlutverk kynjanna hefðu haft áhrif á umfjöllun um þær í dagblöðum. Niðurstaðan var sú að stjórnáalakonur telja að fjölmiðlar hafi kynjaslagsíðu, en að það beindist gegn öðrum konum í stjórnámálum en ekki þeim sjálfum.<sup>80</sup> Einn viðmælenda Hrafnhildar komst svo að orði: „Karlar fá „áhugaverðari“ umfjöllun og það þykir sjálfsagðara að þeir starfi að stjórnámálum. Þeir hafa einnig meira um það að segja hvernig þeir koma fyrir í fjölmiðlum. Spjallþáttum er stjórnað af körlum, sem bjóða körlum til að tala um aðra karla.“<sup>81</sup> Einn fjórði hluti svarenda sagði að dagblöð legðu áherslu á líkamlegt atgervi þeirra; klæðaburð, hárgreiðslu, vaxtarlag og aldur, en allt eru þetta þættir sem hafa afar lítið með stjórnálapátttöku að gera.

Stjórnáalakonurnar fengu einnig spurningar frá fjölmiðlum sem karlar fá sjaldan, spurningar sem snúast um hjúskaparstöðu, börn eða barnleysi, uppskriftir, tísku og snyrtivörur. Þessum svarendum þótti slíkar spurningar vera afar kynjaðar og að mörgu leyti

---

<sup>77</sup> Kristín Ása Einarsdóttir 2008: 25 og 40.

<sup>78</sup> Alþingi 2009.

<sup>79</sup> Sóley Tómasdóttir 2009.

<sup>80</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2003: 2.

<sup>81</sup> Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2003: 14.

ýta undir staðalmyndir.<sup>82</sup> Þetta er athyglisvert í ljósi þess sem að framan segir um þá skoðun svarendanna að kynjaslagsíða fjölmiðlanna beinist ekki gegn þeim sjálfum. Svör kvennanna eru í fullu samræmi við margar aðrar rannsóknir sem hafa sýnt að líkamlegt atgervi, hjúskaparstaða og skyldustörf sem tengjast heimilishaldi eru þeir þættir sem lögð er mikil áhersla á í umfjöllun um stjórnmalakonur. Einnig að fjölmiðla skortir áhuga á kvenkyns frambjóðendum nema þegar það tengist „kvenlegum hliðum“ þeirra sem hafa lítið með stjórnmal að gera. Fjölmiðlar líta ekki á konur sem „alvöru“ stjórnmalafólk og tengja þær mýkri málum, sem er vissulega tilhneiging til að skilgreina stjórnmalapátttöku kvenna sem framlengingu á hefðbundnu kvenhlutverki.<sup>83</sup>

Þorgerður Þorvaldsdóttir kynjafræðingur rannsakaði hvernig fjallað var um jafnrétti kynjanna í dagblöðum og völdum ljósvakamiðlum í aðdraganda Alþingiskosninganna 2003. Hún skoðaði meðal annars átta vikur af þættinum Silfri Egils og tvær vikur af Kastljósinu og Íslandi í dag. Samtals birtust 176 einstaklingar í framantöldum spjallþáttum, 133 karlar og 43 konur, eða 76% karlar á móti 24% konur.<sup>84</sup>

María H. Marínósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir skoðuðu umfjöllun um karlkyns og kvenkyns frambjóðendur í dagblöðum fyrir Alþingiskosningarnar 2007 í tengslum við BA-ritgerð sína í fjölmiðlafræði. Einnig voru rannsakaðar birtingarmyndir kynjanna í þeim blaðagreinum sem vörðuðu Alþingiskosningarnar. Kynjahlutfall stjórnmalafólks sem fjallað var um var einnig skoðað. Niðurstaðan var að umfjöllun um karla eingöngu var 52% allrar umfjöllunar um frambjóðendur, umfjöllun um eingöngu konur var 26% og umfjöllun þar sem bæði karlar og konur komu við sögu var 22%.<sup>85</sup>

---

<sup>82</sup>Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2003: 12-14.

<sup>83</sup>Hrafnhildur Ragnarsdóttir 2003: 17- 18.

<sup>84</sup>Þorgerður Þorvaldsdóttir 2005.

<sup>85</sup>María H. Marínósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir 2008: 8, 9 og 31.

## 6 Rannsókn á fjölmiðlaumfjöllun fyrir Alþingiskosningarnar 2009

Í tengslum við þessa ritgerð var unnin rannsókn á fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur í kosningabaráttunni 2009. Niðurstöður rannsóknarinnar byggja á meginlegum gögnum sem fengin voru úr innihaldsgreiningu tveggja dagblaða, Morgunblaðsins og Fréttablaðsins. 365 miðlar ehf. gefa út Fréttablaðið, fyrirtækið rekur einnig nokkrar sjónvarps- og útvarpsstöðvar, auk þess að halda úti vefmiðlinum visir.is. Útgefandi Morgunblaðsins er Árvakur hf. sem einnig gefur út mbl.is sem er fyrsti og elsti starfandi vefmiðillinn hér á landi. Sex tölublöð eru gefin út af Morgunblaðinu í viku hverri, auk sunnudagsblaðs sem er fylgirit laugardagsblaðsins. Útgáfudögum Fréttablaðsins var fækkað úr sjö í sex á árinu 2009. Morgunblaðið er selt í áskrift og lausasölu en Fréttablaðinu er dreift til lesenda þeim að kostnaðarlausu á höfuðborgarsvæðinu og ýmsum stærri þéttbýlisstöðum. Bæði blöðin teljast þannig vera landsblöð bæði að efni og útbreiðslu.<sup>86</sup> Í lok ársins 2008 var Fréttablaðinu dreift reglulega í 103.000 eintökum og jafnaðarútbreiðsla Morgunblaðsins var um 50.000 eintök.<sup>87</sup>

### 6.1 Framkvæmd

Í þessari rannsókn er leitast við að fá tölfræðilegar upplýsingar um kynjahlutföll stjórnmalafólks í dagblöðunum Morgunblaðinu og Fréttablaðinu. Einungis efni, sem tengist kosningunum og kosningabaráttunni, er tekið til skoðunar í þessari rannsókn.

Um er að ræða meginlega rannsókn þar sem skoðuð var umfjöllun dagblaðanna tveggja á tímabilinu 25. mars til 25. apríl 2009, sem var kosningadagurinn. Allar fréttir, viðtöl og innsendar greinar sem tengdust kosningabaráttunni og kosningunum voru skoðaðar í þeim tilgangi að greina umfjöllunina eftir kyni. Taldir voru karlkyns og kvenkyns viðmælendur fréttar og viðtala, höfundar innsendra greina og stjórnmalakonur og -karlar talin sérstaklega. Taldir voru „sérfræðingar“ og álitsgjafar varðandi kosningarnar og gerð grein fyrir kynjahlutföllum. Ekki voru taldar með greinar þar sem fjallað var um stjórnmal eða þjóðmál á almennan hátt sem ekki tengdist kosningunum og/eða kosningabaráttunni á beinan hátt.

---

<sup>86</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009: 79.

<sup>87</sup> Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2009: 85.

Til dæmis voru fréttir á borð við fréttáflutning af landsþingum flokkanna eða Evrópumál ekki taldar með. Rannsókn af þessu tagi, sem oft er kölluð „hausatalning“, getur gagnast vel til þess sjá hverjir stýra umræðunni, hverjir fá að sjást og tjá skoðanir sínar í fjölmiðlum.<sup>88</sup> Alls voru skoðuð 443 tilvik umfjöllunar af einhverju tagi sem tengdust kosningunum í áðurnefndum dagblöðum þennan mánuð og eftir að niðurstöður voru fengnar var marktækni mæld, þar sem það átti við.

Öll tölublöð dagblaðanna tveggja voru skoðuð á tímabilinu. Eingöngu voru tekin fyrir aðalblöðin, ásamt Eldhúsdegi Fréttablaðsins sem kom út fjórum sinnum á tímabilinu, dagana 1., 8., 15. og 22. apríl.<sup>89</sup> Umfjöllun um kosningar var talsvert minni og á nokkuð öðrum nótum fyrir þessar kosningar en oft hefur verið. Til samanburðar var talsvert meiri umfjöllun í dagblöðunum fyrir kosningarnar árið 2007.<sup>90</sup> Reyndar voru þá gefin út fleiri dagblöð, en einnig hefur síðum fækkað í blöðunum og vikulegum útgáfudögum fækkað.

Greinarmunur er gerður á viðmælendum fréttu og viðtölum. Með viðmælendum fréttu er átt við þá sem rætt er við í tengslum við frétt, þá sem eru aðilar að atburðinum sem átti sér stað eða hafa eitthvað um hann að segja, annað en að veita sérfræðialit. Með viðtali er átt við þegar rætt er við einn einstakling og spurningarnar snúast aðalleg um viðkomandi.<sup>91</sup>

Nokkuð var um það að rætt væri við aðra viðmælendur en stjórnmalafólk í fréttum og viðtölum sem tekin voru til skoðunar. Sem dæmi um slíka viðmælendur má nefna framkvæmdastjóra ýmissa félaga- og hagsmunasamtaka, fyrrverandi stjórnmalakarla og -konur, starfsfólk stjórnmalaflokkanna (sem er ekki starfandi stjórnmalafólk), almenna kjósendur og heilsusérfræðinga, svo fátt eitt sé nefnt. Slíkir viðmælendur eru í rannsókninni nefndir „aðrir, eða aðrir en stjórnmalafólk.“ Rannsókninni er ætlað að leiða í ljós birtingatíðni karla og kvenna í umfjöllun um kosningarnar og kosningabaráttuna vorið 2009. Ekki er hægt að fullyrða að umfjöllunin endurspegli vinnubrögð á fjölmiðlunum á nokkurn hátt því vel má vera að leitað hafi verið til annarra aðila, en þeir hafi færst undan viðtali eða því að tjá sig af einhverjum ástæðum.

---

<sup>88</sup> Þorgerður Þorvaldsdóttir 2004.

<sup>89</sup> Eldhúsdagur Fréttablaðsins er vikulegt fylgirit Fréttablaðsins sem kom út vikunnar fyrir kosningar og þar var lögð áhersla á skoðanaskipti og umræður um stjórnmal og þjóðmal.


<sup>90</sup> María H. Marínósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir 2008: 25.

<sup>91</sup> Mencher 2003: 326-328.



## 6.2 Innsendar greinar

Alls birtust 225 innsendar greinar í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu á tímabilinu 25. mars – 25. apríl 2009. Morgunblaðið birti 172 greinar og Fréttablaðið 53 greinar.




**Mynd 1: Fjöldi karla og kvenna sem skrifuðu innsendar greinar**

Hér sést fjöldi þeirra karla og kvenna sem skrifuðu innsendar greinar sem fjölluðu um kosningarnar og kosningabaráttuna í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu á tímabilinu 25. mars til 25. apríl 2009. Karlar skrifuðu 136 greinar, 29 í Fréttablaðinu og 107 í Morgunblaðinu. Konur skrifuðu 89 greinar, 24 í Fréttablaðið og 65 í Morgunblaðið.


Athygli vekur að fjöldi karla og kvenna er nánast jafn í Fréttablaðinu, þar voru rúm 45% innsendra greina, eða 24 greinar, eftir konur. Rúmlega 54%, eða 29 innsendar greinar, voru eftir karla. Hlutföllin eru nokkuð önnur í Morgunblaðinu. Þar eru tæplega tvær af hverjum þremur innsendum greinum eftir karla, eða 107 greinar sem eru rúm 62% innsendra greina í blaðinu. Konur skrifuðu tæp 38% eða 65 greinar. Ekki reyndist unnt að mæla marktækni, þar sem kí kvaðrat var yfir 0,05%.

### 6.2.1 Stjórnsmálakarlar og -konur sem skrifuðu innsendar greinar

Af innsendum greinum voru 87 eftir stjórnsmálakarla, en það eru 39% af öllum innsendum greinum. 77 innsendar greinar voru eftir stjórnsmálakonur sem eru 34% af öllum innsendum greinum. Þetta er nánar útskýrt á myndum 2, 3 og 4.



**Mynd 2: Hlutfall stjórnmalakarla af öllum körlum sem skrifuðu innsendar greinar**



**Mynd 3: Hlutfall stjórnmalakvenna af öllum konum sem skrifuðu innsendar greinar**



**Mynd 4: Hlutföll innsendra greina í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu eftir stjórnmalakonur og -karla**


Á mynd 2 er sýnt hlutfall stjórnmalakarla af öllum körlum sem senda inn greinar. 64% þeirra karla sem skrifa innsendar greinar um kosningarnar og kosningabaráttuna eru skilgreindir sem stjórnmalakarlar, þ.e. voru í framboði, 36% karlkyns greinarhöfunda voru ekki í framboði.

Á mynd 3 sést hlutfall stjórnmalakvenna af öllum konum sem skrifa innsendar greinar. Eins og sjá má er mjög hátt hlutfall þeirra, eða 87%, stjórnmalakonur, þ.e. voru sjálfar í framboði. Einungis 13% þeirra kvenna sem skrifa innsendar greinar um kosningarnar og kosningabaráttuna voru ekki sjálfar í framboði. Hér er því nokkur munur á kynjunum, en karlar sem ekki eru sjálfir í framboði eru talsvert virkari en konur í að senda inn greinar til þess að styðja við tiltekna frambjóðendur, flokka eða málefni.

Á mynd 4 eru sýnd hlutföll stjórnmalafólks sem skrifaði innsendar greinar. Þar sést að stjórnmalakonur skrifuðu 47% innsendra greina og hlutur stjórnmalakarla var 53%. Ekki reyndist unnt að reikna marktækni á kynjahlutfalli höfunda greinanna, þar sem kí kvaðrat var yfir 0,05%.


### 6.3 Viðmælendur í fréttum

Alls birtust 157 fréttir sem fjölluðu um kosningarnar eða kosningabaráttuna á umræddu tímabili. Í Fréttablaðinu voru 75 fréttir og 82 í Morgunblaðinu. Í 61 þeirra voru viðmælendur.




**Mynd 5: Fjöldi viðmælanda í fréttum, greindir eftir kyni og hvort um er að ræða stjórnmálakarl eða -konu**

Eins og fram hefur komið var rætt við einstaklinga í 61 af þeim 157 fréttum sem fjölluðu beint um kosningarnar og kosningabaráttuna á umræddu tímabili. Í 34 fréttum var eingöngu rætt við karla og þar af 15 stjórnmálakarla. Í sex fréttum var eingöngu rætt við konur, þar af voru fjórar stjórnmálakonur. Í 21 frétt var rætt við bæði karla og konur og í 14 þeirra var rætt við stjórnmálakarla- og konur. Með stjórnmálakörlum og -konum er átt við einstaklinga sem höfðu starfa af stjórnmálum og/eða voru í framboði fyrir kosningarnar 2009. Lág hlutfall kvenna gerði það að verkum að ekki reyndist unnt að reikna út marktækan mun á kynjahlutfalli viðmælanda.




**Mynd 6: Hlutfall karla og kvenna sem viðmælanda í fréttum í Morgunblaðinu**




**Mynd 7: Hlutfall karla og kvenna sem viðmælenda í fréttum í Fréttablaðinu**

Á myndum 5, 6 og 7 er sýnt hvernig viðmælendur dagblaðanna í fréttum, sem fjölluðu um kosningarnar og kosningabaráttuna, skiptast eftir kyni. Þetta er óháð því hvort um er að ræða stjórnmalafólk eða ekki. Rætt var við viðmælendur í 61 frétt, 33 í Morgunblaðinu og 28 í Fréttablaðinu. Í heild var í 34 fréttum, eða um 56% umræddra fréttanna, eingöngu rætt við karla, í 6 fréttum, eða um 10%, var eingöngu rætt við konur og í 21 frétt, sem eru um 34%, var rætt við bæði karla og konur. Í Morgunblaðinu er rætt við karla í 19 fréttum og við konur í þremur fréttum. Í 11 fréttum er rætt við bæði karla og konur. Í Fréttablaðinu er rætt við karla í 15 fréttum, við konur í þremur fréttum og bæði við karla og konur í fimm fréttum.

Í 33 fréttum var rætt við stjórnmalafólk, 20 í Morgunblaðinu og 13 í Fréttablaðinu. Í 45% fréttanna var eingöngu rætt við stjórnmalakarla, eingöngu var rætt við stjórnmalakonur í rúmlega 12% fréttanna og rætt var bæði við stjórnmalakarla og -konur í rúmlega 42% fréttanna. Á eftirfarandi tveimur myndum sjást kynjahlutföllin í hvoru blaði fyrir sig.



**Mynd 8: Stjórnmalafolk sem viðmælendur í Fréttablaðinu**




**Mynd 9: Stjórnmalafolk sem viðmælendur í Morgunblaðinu**

Kynjahlutföllin eru nokkuð ólík þegar blöðin tvö eru borin saman, í Fréttablaðinu er hlutfall kvenna 8% á móti 15% í Morgunblaðinu. Hluttur karla er talsvert meiri í Fréttablaðinu, eða 54% á móti 40% í Morgunblaðinu. Hlutfall fréttar þar sem rætt er við bæði stjórnmalakarla og -konur er nokkuð herra í Morgunblaðinu en í Fréttablaðinu, eða 45% á móti 38%. Ekki var hægt að mæla marktækni sökum þess hversu úrtakið var lítið.

## 6.4 Viðtöl

Viðtöl við einstaklinga sem tengdust kosningunum og kosningabaráttunni voru alls 31. Með viðtali er átt við þegar rætt er við einn einstakling og spurningarnar snúast um viðkomandi.<sup>92</sup>

Í Morgunblaðinu voru þau 25 og 6 í Fréttablaðinu. Tekin voru viðtöl við tíu konur, sem eru 32%, og 21 karl, sem eru 68%.




**Mynd 10: Fjöldi viðtala í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu**

Af þessu 31 viðtali var 21 við karla og 10 við konur. Hér er ekki verið að telja fjölda viðmælenda í hverju viðtali fyrir sig, heldur fjölda viðtala. Af þessu 31 viðtali voru 17 við stjórnmalafólk, 12 við stjórnmalakarla og 5 við stjórnmalakonur.

Alls voru 25 viðtöl í Morgunblaðinu sem tengdust kosningunum og kosningabaráttunni. 16 þeirra voru við karla, þar af sjö við stjórnmalakarla. Níu viðtöl voru við konur og þar af voru fjórar stjórnmalakonur. Í Fréttablaðinu voru sex viðtöl sem tengdist kosningunum og kosningabaráttunni. Eitt þeirra var við stjórnmalakonu og fimm við stjórnmalakarla. Ekki var hægt að mæla marktækni sökum þess hversu úrtakið var lítið.

<sup>92</sup> Mencher 2003: 326-328.

## 6.5 Álitsgjafar og sérfræðingar



**Mynd 11: Kynjahlutföll meðal álitsgjafa og sérfræðinga**

Í 30 fréttum kom fram álit sérfræðinga og fræðimanna varðandi kosningarnar og kosningabaráttuna. Í 29 þessara fréttu var álitsgjafinn karlkyns, 23 þeirra komu fyrir í Morgunblaðinu og 6 voru í Fréttablaðinu. Einn álitsgjafi var kvenkyns og kom fyrir í Morgunblaðinu.

## 6.6 Niðurstöður

Í upphafi þessarar ritgerðar var spurt eftirfarandi spurninga:

1: Var fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur í tveimur stærstu dagblöðum landsins á tímabilinu 25. 3. – 25. 4. 2009, sem var mánuðinn fyrir Alþingiskosningarnar 25. apríl 2009, með öðrum hætti en fyrri rannsóknir á þessu sviði hafa sýnt fram á?

2: Er samhengi á milli fjölda innsendra greina eftir stjórnmalakonur sem voru birtar í tveimur stærstu dagblöðum landsins og þeirrar umfjöllunar sem þær fá í viðkomandi blöðum?

3: Er samhengi á milli fjölda kvenna í framboði, fjölda kvenna í efstu sætum framboðslistanna og fjölmiðlaumfjöllunar um stjórnmalakonur í tveimur stærstu dagblöðum landsins fyrir Alþingiskosningarnar 2009?

4: Koma karlar og konur jafnt fyrir sem álitsgjafar og sérfræðingar varðandi kosningarnar og kosningabaráttuna vorið 2009?

Hér á eftir verður hverri spurningu svarað fyrir sig.



*1: Var fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmalakonur í tveimur stærstu dagblöðum landsins á tímabilinu 25. 3. – 25. 4. 2009, sem var mánuðinn fyrir Alþingiskosningarnar 25. apríl 2009, með öðrum hætti en fyrri rannsóknir á þessu sviði hafa sýnt fram á?*

Niðurstöður þessarar rannsóknar voru í samræmi við niðurstöður fyrri rannsókna og sýndu ekki fram á aukinn hlut stjórnmalakvenna í fjölmiðlum. Karlar voru talsvert oftar viðmælendur í fréttum um kosningarnar og kosningabaráttuna 2009 en konur. Rætt var eingöngu við karla í 59% fréttanna, eingöngu við konur í 10% fréttanna og rætt var við bæði karla og konur í 31% fréttanna. Hér er átt við alla karla og konur, óháð því hvort um er að ræða stjórnmalafólk eða ekki.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við aðrar rannsóknir, sem hafa leitt í ljós svokallaða „30/70 reglu“, en með því er átt við að hlutfall kvenna í fjölmiðlum fer sjaldan yfir 30%. Flestar rannsóknir á hlut kvenna í fjölmiðlum sýna svipaðar niðurstöður, sama hvar í heiminum þær eru framkvæmdar. Þær eru á þá leið að hlutur kvenna er rýrari en hlutur karla og áþekk hlutföll birtast endurtekið. Talað hefur verið um „þolmörk“ fjölmiðla þegar kemur að umfjöllun um konur, en í því felst að umfjöllunin fer sjaldan yfir 25 – 30%. Þegar hún nær því marki er hámarkinu náð. Enda virðist hlutur kvenna í fréttatímum og fréttatengdu efni nokkuð oft vera á bilinu 25 – 30% og hlutur karla á bilinu 70 – 75%, eins og ýmsar rannsóknir hafa staðfest.<sup>93</sup> Athugun sem unnin var á vegum nefndar um konur og fjölmiðla árið 1999 leiddi í ljós að hlutur kvenna í því útsenda efni sem var skoðað var tæp 32% á móti um 68% hlut karla. Í skýrslunni segir að þessi kynjahlutföll „gangi eins og rauður þráður í gegnum lungann úr niðurstöðum nefndarinnar og að þau séu sambærileg því sem evrópskar rannsóknir sýni.“<sup>94</sup>

Þegar kynjahlutföll þess stjórnmalafólks, sem var viðmælendur í fréttum, eru skoðuð, var rætt við stjórnmalakarla eingöngu í 45% fréttanna, við stjórnmalakonur eingöngu í um 12% fréttanna og við bæði stjórnmalakarla og -konur í um 42% fréttanna. Þetta er í miklu ósamræmi við fjölda karla og kvenna sem voru í framboði fyrir Alþingiskosningarnar 2009, eins og fyrr er getið.

Af því 31 viðtali sem birtist í dagblöðunum tveimur og tengjast kosningunum og kosningabaráttunni voru 32% við konur og 68% við karla. Hlutföllin eru áþekk ef eingöngu

---

<sup>93</sup> Elsa María Jakobsdóttir 2005: 13, Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2005: 368 og Kristín Ása Einarsdóttir 2008: 7.

<sup>94</sup> Skýrsla nefndar um konur og fjölmiðla 1999: 7.

eru skoðuð viðtöl við stjórnmalafólk, en þá er hlutfall kvenna 29% og karla 71%. Þetta er í samræmi við „30/70 regluna“. Ekki er hægt að segja til um hvort þessi hlutföll endurspeglu kynjahlutföll þeirra sem leitað var til varðandi viðtöl og umfjallanir. Ekki er hægt að fullyrða að umfjöllunin endurspegli vinnubrögð á viðkomandi fjölmiðlum, því vel má vera að leitað hafi verið til annarra aðila, en þeir hafi færst undan viðtali eða því að tjá sig af einhverjum ástæðum.

*2: Er samhengi á milli fjölda innsendra greina eftir stjórnmalakonur sem voru birtar í tveimur stærstu dagblöðum landsins og þeirrar umfjöllunar sem þær fá í viðkomandi blöðum?*

Séu eingöngu skoðaðar innsendar greinar stjórnmalafólks kemur í ljós að 47% þeirra eru eftir stjórnmalakonur og 53% voru sendar inn af stjórnmalakörlum. Þegar allar innsendar greinar um kosningarnar og kosningabaráttuna eru skoðaðar, óháð því hvort höfundarnir eru stjórnmalafólk, horfir dæmið nokkuð öðruvísi við, en 136 greinar voru eftir karla og 89 greinar voru eftir konur. Í prósentum talið skrifuðu karlar þá rúmlega 60% innsendra greina og konur tæp 40%.

Kynjahlutföll eru nánast jöfn í Fréttablaðinu, þar voru 46% innsendra greina eftir konur og 54% eftir karla, en það er sama hlutfall og kynjahlutföll frambjóðenda á framboðslistum fyrir kosningarnar. Í Morgunblaðinu voru 64% innsendra greina eftir karla og 36% eftir konur. Erfitt er að segja til um hverju þessi kynjamunur í Morgunblaðinu sætir.

Mikill meirihluti þeirra kvenna sem skrifaði innsendar greinar í dagblöðin voru sjálfar í framboði, eða 87%. Aðeins 13% þeirra kvenna sem skrifuðu innsendar greinar voru ekki sjálfar í framboði. Nokkuð annað blasir við þegar litið er á karlana, en 64% þeirra karla sem skrifuðu innsendar greinar voru sjálfir í framboði, 36% þeirra voru ekki í framboði. Þarna er mikill munur á kynjunum, en karlar sem ekki eru sjálfir í framboði eru talsvert virkari en konur í að senda inn greinar til þess að styðja við tiltekna frambjóðendur, flokka eða málefni.

Séu fjöldi og hlutfall stjórnmalakvenna og -karla, sem skrifa innsendar greinar og þeirrar umfjöllunar sem þau fá, borin saman er ljóst að ekki er um samhengi að ræða. Eins og áður hefur komið fram skrifuðu stjórnmalakonur 46% allra innsendra greina sem voru eftir stjórnmalafólk. Það er í miklu ósamræmi við það að rætt var við stjórnmalakonur eingöngu í 10% þeirra fréttu sem taldar voru og að viðtöl við stjórnmalakonur voru 29% þeirra viðtala sem voru við stjórnmalafólk.

*3: Er samhengi á milli fjölda kvenna í framboði, fjölda kvenna í efstu sætum framboðslistanna og fjölmiðlaumfjöllunar um stjórnmalakonur í tveimur stærstu dagblöðum landsins fyrir Alþingiskosningarnar 2009?*

Eins og að framan greinir sýna niðurstöður rannsóknarinnar að umfjöllun um konur var talsvert minni en umfjöllun um karla í þessum tveimur dagblöðum fyrir Alþingiskosningarnar 2009. Samkvæmt speglunarkenningunni endurspeglar fjölmiðlar ríkjandi gildi og viðhorf.<sup>95</sup> Sé kenningin heimfærð á þessar niðurstöður verður niðurstaðan sú að umfjöllun þeirra tveggja dagblaða sem skoðuð voru endurspeglar ekki veruleikann hvað umfjöllun um stjórnmalakarla og -konur, á þeim tíma sem skoðaður var, snertir.

Stjórnmalakonur fengu of litla umfjöllun miðað við fjölda þeirra sem voru í framboði og stjórnmalakarlar fengu of mikla umfjöllun. 752 frambjóðendur voru á framboðslistum Framsóknarflokks, Frjálslynda flokksins, Borgarahreyfingarinnar, Samfylkingarinnar, Sjálfstæðisflokksins og Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs fyrir síðustu kosningar. Lýðræðishreyfingin er ekki inni í þessari tölu vegna annars konar vinnulags við uppröðun á lista. Af þessum 752 einstaklingum voru 412 karlar, sem eru tæp 55% frambjóðenda og 340 konur, um 45% frambjóðenda. Mestur munur á hlutfalli kynjanna var á framboðslistum Frjálslynda flokksins, en af 126 frambjóðendum flokksins voru konur 43 talsins, eða rúm 29%. Á listum annarra stjórnmalaflokka var hlutfallið á milli karla og kvenna jafnara.

Séu fjögur efstu sætin skoðuð á áður nefndum listum í öllum kjördæmum, þá eru kynjahlutföllin býsna jöfn, 73 karlar og 71 kona. Ljóst er því að umfjöllun dagblaðanna tveggja endurspeglar engan veginn kynjahlutfall frambjóðendanna sem voru í efstu sætum listanna. En staðan er nokkuð önnur, sé eingöngu litið á efsta sætið. Fyrirnefndir sex flokkar buðu fram í öllum sex kjördæmunum, konur eru í efsta sæti á ellefu af þessum 36 listum, en það eru um 30%. Vissulega má gera ráð fyrir því að leiðtogar hvers lista fá meiri athygli en þeir frambjóðendur sem sitja neðar á lista. En þrátt fyrir að tekið sé tillit til þess, þá er hlutur kvenna samt sem áður talsvert lægri en þátttaka þeirra og staðsetning á listum gefur tilefni til að ætla.

*4: Koma karlar og konur jafnt fyrir sem álitsgjafar og sérfræðingar varðandi kosningarnar og kosningabaráttuna vorið 2009?*

Afar ójöfn kynjahlutföll voru meðal þeirra 30 einstaklinga sem gefa sérfræðiálit varðandi kosningarnar og kosningabaráttuna. Þar voru 29 karlar og ein kona. Í prósentum talið er

---

<sup>95</sup> Speglunarkenningin (Reflection theory) er útskýrð í kafla 4.2

hlutur kvenna 3% á móti 97% hlut karla. Þar sem um er að ræða fréttir og umfjallanir um kosningar og kosningabaráttu er forvitnilegt að nefna í þessu sambandi tölur og kynjahlutföll menntaðra stjórn málafræðinga, sem ætla má að séu fjölmennir í hópi álitsgjafa. Samkvæmt upplýsingum frá nemendaskrá Háskóla Íslands, sem er eina menntastofnunin hér á landi sem býður upp á meistaranám í stjórn málafræði, eru konur 62% þeirra sem hafa útskrifast þaðan með meistarapróf frá stjórn málafræðideild. Vissulega mennta íslenskir stjórn málafræðingar sig líka erlendis og vera má að kynjahlutföll séu með öðrum hætti hvað það varðar. En upplýsingarnar frá HÍ leiða í ljós að kvenkyns stjórn málafræðingar fyrirfinnast vissulega. Ekki er hægt að segja til um hvort þessi niðurstaða endurspegli kynjahlutföll þeirra álitsgjafa sem leitað var til, enda er verið að skoða tíðni birtinga karla og kvenna, ekki hversu oft þess var farið á leit að veita álit. Ekki er hægt að fullyrða að umfjöllunin endurspegli vinnubrögð á viðkomandi fjölmiðlum, því vel má vera að leitað hafi verið til annarra aðila, en þeir hafi færst undan viðtali eða því að tjá sig af einhverjum ástæðum.

Þrátt fyrir breyttar áherslur og gjörbreyttar þjóðfélagsaðstæður virðist umfjöllun tveggja útbreiddustu dagblaða landsins lítið hafa breyst frá fyrri rannsóknum og könnunum með tilliti til jafnrar umfjöllunar um konur og karla í framboði. Vissulega hafa aldrei fleiri konur hlotið þingsæti en í kosningunum 2009. Niðurstöður þessarar greiningar eru svipaðar niðurstöðum þeirra rannsókna og greininga sem áður hafa verið gerðar á hlut kvenna í fjölmiðlum og svo virðist vera sem aukin jafnréttisumræða hafi litlu breytt þar um.

Þennan kynjamun er ekki hægt að útskýra með því að konur geti sjálfum sér um kennt, að þær sýni ekki vilja og áhuga á því að koma sér á framfæri. Mikið ósamræmi er á milli hlutfalls stjórn málakvenna sem eru viðmælendur í dagblöðunum og fjölda þeirra sem skrifa innsendar greinar. Skýringar á borð við að konur birtist sjaldnar í fjölmiðlum vegna þess að þær séu ekki nógu iðnar við að koma sjálfum sér á framfæri eiga því ekki við í þessu tilviki. Þó er ekki hægt að fullyrða að umfjöllunin endurspegli vinnubrögð á viðkomandi fjölmiðlum, því vera má að leitað hafi verið til annarra aðila, en þeir hafi færst undan viðtali eða því að tjá sig. Um þetta verður fjallað betur um í næsta kafla.

## 7 Ekki er dáðleysi kvenna um að kenna

„Forsvarsmenn dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla hafa lengi haldið því fram að fagleg blaða- og fréttamennska sé undirstaða lýðræðislegs þjóðfélags. Fjölmiðlar eiga að veita aðhald með því að halda uppi faglegri og sanngjarnri umfjöllun og frétttaflutningi.“<sup>96</sup>

Hvernig eiga fjölmiðlar að haga störfum sínum; ættu þeir að starfa eins og „samfélagslegir forystusauðir“, sem leiða baráttuna fyrir meiri jöfnuði í samfélaginu eða eiga þeir einfaldlega að endurspeglaríkjandi viðmið og gildi í samfélaginu, jafnvel þó að þau feli í sér staðalmyndir og fordóma?<sup>97</sup> Eru fjölmiðlar ekki einungis að sinna hlutverki sínu af trúmennsku og alúð með því að endurspeglar „blákaldan raunveruleikann“, burtséð frá því hvort okkur fellur sú mynd í geð? Karlmennt eru í meirihluta innan þeirra þjóðfélagshópa sem fjölmiðlar fjalla helst um og telja frétt næma. Endurspeglar allar þessar rannsóknir og greiningar ekki einfaldlega samfélagsgerð þar sem flestar áhrifa- og stjórnunarstöður eru skipaðar karlmönnum?

Ísland er ekkert frábrugðið öðrum vestrænum ríkjum hvað þetta varðar. Konur eru síður í stjórnunarstöðum, hvort sem um er að ræða stjórnsmál, í fyrirtækjum, á stofnunum eða innan fjölmiðlanna sjálfra. Þær hafa þess vegna minni áhrif en karlar og því er síður leitað eftir viðtölum við þær.<sup>98</sup> Hugsanlega eiga slíkar staðhæfingar við í einhverjum tilvikum. En þessi skýring er þó ekki fullnægjandi ein og sér, því eins og fram hefur komið hér að framan er stjórnsmáláþátttaka kvenna talsvert meiri en umfjöllun í fjölmiðlum gefur til kynna.

### 7.1 Lög, samþykktir og reglugerðir um jafna stöðu kynjanna

Þegar fjölmiðlaumfjöllun um konur ber á góma er viðkvæðið oft að konur séu einfaldlega ekki jafn fúsar til að koma fram í fjölmiðlum og karlar og að fjölmiðlafólk ráði því sjálfst við hverja það tali. En reyndar kveða ýmis lög og alþjóðlegar samþykktir skýrt á um að fjölmiðlum sé ekki í sjálfsvald sett við hverja þeir tala og um hverja er fjallað á hvaða hátt.

### 7.2 Siðareglur fjölmiðla

Ekkert er minnst á mismunun á grundvelli kynferðis í siðareglum Bláamannafélags Íslands, en í siðareglum RÚV kemur greinilega fram að ekki megi mismuna á grundvelli

---

<sup>96</sup>Skýrsla nefndar menntamálaráðherra 2005: 15.

<sup>97</sup>Day 2006: 420.

<sup>98</sup>Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 29 og Niskanen 2009.

kynferðis.<sup>99</sup> Í síðareglum 365 miðla er ekki minnst beinum orðum á mismunun á grundvelli kynferðis en þar segir að ritstjórnir skuli bera virðingu fyrir þeim landslögum sem umfjöllunarefni getur átt við um hverju sinni.<sup>100</sup> Í því sambandi má benda á lög um jafnan rétt karla og kvenna frá árinu 2008. Þar segir að markmið laganna sé að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kynjanna og jafna þannig stöðu þeirra á öllum sviðum samfélagsins. Þar segir enn fremur að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og að þetta markmið skuli meðal annars nást með því að gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins, vinna að jöfnum áhrifum karla og kvenna í samfélaginu og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk karla og kvenna. Í 24. grein 4. kafla sömu laga segir að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil.<sup>101</sup>

### 7.3 Alþjóðlegar samþykktir

Ísland er aðili að Pekingáætluninni, sem er framkvæmdaáætlun Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1995. Samþykkt áætlunarinnar felur í sér að ríkisstjórnin hafi einsett sér að framfylgja henni. Í 33. grein hennar segir að nútímafjölmíðlun sé meðal annars notuð til þess að breiða út og styrkja í sessi staðalmyndir kynjanna og niðurlægjandi kvenímyndir, fyrst og fremst í auglýsingalegum og söluvænlegum tilgangi. Þar segir enn fremur að fjölmíðlar séu í sterkri aðstöðu til þess að stuðla að jafnrétti kynjanna með því að birta konur og menn á hlutlausan og jafnan hátt.<sup>102</sup> Ísland er einnig aðili að Kvennasáttmála SP. Þar segir að aðildarríkjum beri að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum af hálfu einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja.<sup>103</sup>

Í skipunarbréfi nefndar um konur og fjölmíðla, sem skipuð var árið 1998 segir að vinna eigi að stefnumótun á grundvelli þeirra niðurstaðna sem nefndin kæmist að. Nefndin komst meðal annars að þeim niðurstöðum að „sláandi munur“ væri á birtingu kynjanna í sjónvarpi, að hlutur kvenna í fréttatímum ljósvakamiðla væri tæp 27% og að í dagblöðum væri ein

---

<sup>99</sup> Ríkisútvarpið.

<sup>100</sup> 365 miðlar ehf.

<sup>101</sup> Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 2008. 1. gr.

<sup>102</sup> United Nations 1995 og Alþingi 1999.

<sup>103</sup> Unifem 1985.

„kvennafrétt“ á móti þremur „karlafréttum“.<sup>104</sup> Þrátt fyrir þessar, og aðrar áþekkar niðurstöður viðlíkra rannsókna, hafa litlar breytingar átt sér stað.

Líklega eru flestir sammála um að mikilvægt sé að tryggja jafnan aðgang kynjanna að fjölmiðlum og fjalla til jafns um konur og karla. Væntanlega ætla fáir sér að mismuna kynjunum með þessum hætti.

Skoðanir um ástæður þessa eru býsna skiptar, eins og berlega hefur komið í ljós þegar niðurstöður rannsókna á hlut kynjanna í fjölmiðlum ber á góma. Vinsælt viðkvæði er að konur séu einfaldlega ekki nógu duglegar að koma sér á framfæri. En eins og niðurstöður rannsóknarinnar á dagblaðaumfjöllun um stjórnmalakonur og -karla fyrir Alþingiskosningarnar 2009 sýna, komu stjórnmalakonur sér á framfæri til jafns við stjórnmalakarla með því að senda inn greinar í dagblöðin og þær voru í framboði til jafns við karla. Því er ekki hægt að halda því fram með nokkrum rökum að ástæðunnar sé að leita í dáðleysi kvenna.

---

<sup>104</sup> Nefnd um konur og fjölmiðla 2001: 7, 11 og 12.

## 8 Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna kynjaslagsíðu í umfjöllun um stjórnmalafólk í umfjöllun Morgunblaðsins og Fréttablaðsins á tímabilinu 25. mars – 25. apríl 2009, sem var mánuðurinn fyrir Alþingiskosningarnar. Hlutfall stjórnmalakvenna í þessum dagblöðum endurspeglar ekki fjölda kvenna sem taka þátt í stjórnmalum.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að um er að ræða mánaðar úrtak, þar sem eingöngu voru skoðaðar fréttir og viðtöl um kosningarnar og kosningabaráttuna. Með slíku úrtaki er ekki hægt að fullyrða um að birtingarmyndir kynjanna séu ávallt á þann hátt sem rannsóknin leiðir í ljós. Aftur á móti er vert að benda á að niðurstöðurnar eru á svipuðum nóttum og niðurstöður annarra rannsókna sem hafa verið gerðar á öðrum fjölmiðlum á öðrum tímum.

Fjöldi rannsókna hefur sýnt að fjölmiðlar sýna ekki rétta mynd þegar kemur að birtingarmyndum kynjanna. Það hlýtur að vera nokkuð áhyggjuefni að þrátt fyrir lifandi umræðu og gjörbreyttar þjóðfélagsaðstæður sýna niðurstöður rannsóknarinnar að lítil breyting hefur orðið á. Að öllum líkindum vilja fjölmiðlar gefa sem raunsannasta mynd af þeirri samfélagsgerð sem er við lýði hverju sinni og það er síður en svo ætlunin að væna fjölmiðla um að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar af ásetningi. Enda er ekki hægt að fullyrða að umfjöllunin endurspegli vinnubrögð á viðkomandi fjölmiðlum. Vera má að upphaflega hafi verið leitað til annarra aðila, en þeirra sem birtust í fjölmiðlinum, en þeir færst undan viðtali eða því að tjá sig af einhverjum ástæðum.

Vissulega hefur oft skapast umræða um birtingarmyndir kynjanna í fjölmiðlum, en hún hefur líka iðulega lognast út af án nokkurrar niðurstöðu. Sé það skoðun almennings og aðstandenda fjölmiðla, að birtingarmyndir kynjanna í fjölmiðlum eigi að endurspegla raunveruleikann að einhverju leyti, þarf að fara fram markviss umræða sem miðar að því að leita lausna. Vonandi verður þessi ritgerð hluti af slíkri umræðu.



## Heimildaskrá

- 365 miðlar ehf. *Siðareglur*. (Sótt 21.9.2009) <http://www.365midlar.is/pages/227>.
- Alþingi. 1999. *Pingskjal af 63. fundi, 123 löggjafarþingi*. (Sótt 20.7.2009) <http://www.althingi.is/altext/123/O2/r10140714.sgml>.
- Alþingi. 2001. *Fjölmíðlar hafa mikil áhrif til félagsmótunar og bera því mikla ábyrgð*. (Sótt 20.7.2009) <http://www.felagsmalaraduneyti.is/heimasidur/konur/utgefid-efni/nr/309>.
- Alþingi. 2009. *Konur á Alþingi*. (Sótt 26.9.2009) <http://www.althingi.is/vefur/konur.html>.
- Andersen, M. L. 2003. *Thinking about women. Sociological perspectives on sex and gender. 6<sup>th</sup> edition*. Allyn and Bacon, Boston.
- Andersen, M. L. og D. Hysock. 2009. *Thinking about women. Sociological perspectives on sex and gender. 8<sup>th</sup> edition*. Pearson, Boston.
- Anna Sigríður Pálsdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir og fleiri. 2009. Þjóðfélag vonarinnar. Félagslegt réttlæti. *Morgunblaðið*, 15. mars. Bls. 34.
- Auður Styrkárdsóttir. 2005. Kynlegur munur eða kynlægur? Ritsstjórar Auður Styrkárdsóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. *Kosningaréttur kvenna 90 ára. Erindi frá málþingi 20. maí 2005*. Bls. 43-63. Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Reykjavík.
- Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir og Indriði H. Indriðason. 2008. Framboð eða eftirspurn? Árangur kvenna í prófkjörum flokkanna. *Stjórnsmál og stjórnsýsla. Vef tímarit*. 4. árg, 2. tbl.: bls. 205-229 (Sótt 1.12.2009) <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2008h/indridi08.pdf>.
- Baehr, H. og A. Gray. 1996. *Turning it on. A reader in women and media*. Arnold, London.
- Bagdikian, B. 1997. *The media monopoly. 5<sup>th</sup> edition*. Beacon Press, Boston.
- Birgir Guðmundsson. 2007. *Þegar markaðsvæðing og arðsemiskrafa rífa hjartað úr blaðamenskunni*. Fyrirlestur fluttur á Félagsvísindatorgi Háskólanum á Akureyri 26. 9. 2007. (Sótt 1.11.2009) [http://www.press.is/news/sott\\_ad\\_bladamennsku\\_segir\\_form.\\_b.i./](http://www.press.is/news/sott_ad_bladamennsku_segir_form._b.i/).

- Blaðamannafélag Íslands. *Síðareglur* (Sótt 7.8.2009) <http://www.press.is/static/files/gamalt/sidareglur.pdf>.
- Borchorst, A. 2009. Women friendly policy paradoxes? Childcare policies and gender equality visions in Scandinavia. Ritstjórar: Melby, K., A. Ravn og C. C. Wetterberg. *Gender equality and Welfare Politics in Scandinavia. The limits of political ambitions?* Bls. 27-42. Policy Press, Bristol.
- Bystydzienski, J. M. 1992. *Women transforming politics. Worldwide strategies for empowerment*. Indiana University Press, Bloomington.
- Bystydzienski, J. M. 1995. *Women in electoral politics: Lessons from Norway*. Praeger, Westport.
- Carey, J.W. 1992. *Communication as a Culture. Essays on Media and Society*. Routledge, New York.
- Childs, S. 2004. *New Labour's Women MPs. Women Representing Women*. Routledge, New York.
- Day, L. A. 2006. *Ethics in media communications. Cases and Controversies. 5<sup>th</sup> edition*. Thomson/Wadsworth, Belmont.
- Drífa Hjartardóttir. 2009. Hvatning til kjósenda. *Kosningavefur mbl.is* 11. mars. (Sótt 7.8.2009) [http://www.mbl.is/mm/frettir/kosningar/greinar.html?art\\_id=76021](http://www.mbl.is/mm/frettir/kosningar/greinar.html?art_id=76021).
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2002. *Leiðbeiningar um ritgerðasmíð*. (Sótt 1.9.2009) <http://www3.hi.is/~eirikur/>.
- Elsa María Jakobsdóttir. 2005. *Karlar og konur í sjónvarpsþáttum*. Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. (Óútgefin ritgerð.)
- Fairclough, N. 2005. *Discourse and social change*. Polity Press, Cambridge.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. 2002. *Fjölmiðlar hafa mikil áhrif til félagsmótunar og bera því mikla ábyrgð*. (Sótt 1.12.2009) <http://www.felagsmalaraduneyti.is/heimasidur/konur/utgefid-efni/nr/309>.
- Framsóknarflokkurinn. 2009. *Ályktanir 30. flokksþings Framsóknarflokksins. 16. – 18. janúar 2009*. (Sótt 1.11. 2009) <http://www.framsokn.is/files/3948-0.pdf>.

- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. 2007. *Gagnfræðakver handa háskólanemum*, 4. útg. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Friedan, B. 1963. *The feminine Mystique*. Penguin Books, Middlesex.
- Gallagher, M. 2005. *Who makes the news. Global Media Monitoring Project 2005*. Global Media Monitoring Project, London.
- Guðmundur Hálfðánarson. 2005. Kosningaréttur kvenna og afmörkun borgararéttar – umræður um þátttöku og útilokun í íslenskum stjórnámálum. Ritstjórar Auður Styrkársoúttir og Kristín Ástgeirsoúttir. *Kosningaréttur kvenna 90 ára. Erindi frá málfingi 20. maí 2005*. Bls. 22 – 42. Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Reykjavík.
- Gunter, B. 1995. *Television and gender representation*. John Libbey and Company Ltd, London.
- Hildur Jónsoúttir. 1990. Hlutleysi fjölmiðla er blekking. Fljóðafæð í fjölmiðlum. *Vera*, 3. tbl. 9. árgangur. Bls. 20-27.
- Hrafnhildur Ragnarsóúttir. 2003. *How did Female Candidates feel they and other Female Candidates were portrayed by the local Newspapers during the National Election Campaign in Iceland?* (Óútgefin rannsókn við London School of Economics).
- Jóhanna Sigurðarsoúttir. 2009. *Stefnuræða á landsfundi Samfylkingarinnar 2009*. (Sótt 1.11. 2009) <http://www.samfylkingin.is/LinkClick.aspx?fileticket=SFDrpLkyKog%3d&tabid=60>.
- Jóhanna María Vilhelmsóúttir. 2009. Konur reisa úr rústum. *Morgunblaðið*, 3. maí. Bls. 8.
- Kaid, L. L. 2004. *Handbook of political communication research*. Lawrence Erlbaum Associates Inc., New Jersey.
- Keeble, R. 2005a. *Ethics for journalists*. Routledge, London.
- Keeble, R. 2005b. *Print Journalism. A Critical Introduction*. Routledge, London, New York.
- Kjartan Ólafsson ofl. 2006. *Sports, media and stereotypes. Women and men in sports and media*. Centre for Gender Equality, Akureyri.

- Klara Kristín Arndal. 2009. *Íslensk kvennatímarit; sölutorg staðalmyndanna?* Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. (Óútgefin MA ritgerð.)
- Koivula, N. 1999. *Gender Stereotyping in Televised Media Sports Coverage. Sex roles. A journal of research.* Holland, Springer. (Sótt 25.8. 2009)  
<http://www.springerlink.com/content/w37986810223353q/fulltext.pdf>.
- Kramarae, C. og D. Spender. 2000. *Routledge International Encyclopedia of Women. Global Women's Issues and Knowledge. Volume 3.* Routledge, New York.
- Kristín Ása Einarsdóttir. 2008. *Íslenskir fréttavefmiðlar, kynjahlutfall og birtingarmyndir kynjanna.* Félags- og mannvísindadeild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. (Óútgefin BA ritgerð.)
- Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir. 2005. Í fréttum er þetta helst: Myndræn og kynjuð orðræða fjölmiðla. Ritstjóri Úlfar Hauksson. *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Félagsvísindadeild.* Bls. 367 – 375. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.* Nr. 10/2008.
- Margrét Valdimarsdóttir. 2005. *Karlar og konur í íslensku sjónvarpi.* Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.
- María H. Marínósdóttir og Viktoría Rut Smáradóttir. 2008. *Birtingarmyndir kynjanna: Er kynjaslagsíða í dagblöðunum?* Háskólinn á Akureyri, Hug- og félagsvísindadeild. (Óútgefin BA ritgerð.)
- Marlane, J. 1999. *Women in television revisited: into the twenty-first century.* University of Texas Press, Austin.
- McCombs. 2004. *Setting the agenda. The mass media and public opinion.* Polity Press, Cambridge.
- McQuail, D. 2003. *McQuail's reader in mass communication theory.* Sage, London.
- Mencher, M. 2003. *News reporting and writing.* McGraw-Hill, New York.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2009. *Frumvarp til laga um fjölmiðla.* (Sótt 27.10.2009) [http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Frumvarp\\_til\\_laga\\_um\\_fjolmidla\\_2009.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Frumvarp_til_laga_um_fjolmidla_2009.pdf).
- Morgunblaðið* 2009. Uppbygging á forsendum jafnréttis. 18. janúar. Bls. 28.

- Nefnd um konur og fjölmiðla, álit og tillögur.* 2001. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.  
(Sótt 1.10.2009) <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjolmidla2.pdf>.
- Niskanen, Kristi. 2009. *Kön og makt i Norden – ett jämförande perspektiv.* Erindi flutt á ráðstefnunni Kyn og völd á Norðurlöndunum 18. – 19. nóvember 2009. (Sótt 27.11.)  
[http://www.nikk.no/Skandinavisk/Temaer/Kon\\_og\\_magt\\_i\\_Norden/Publikationer/](http://www.nikk.no/Skandinavisk/Temaer/Kon_og_magt_i_Norden/Publikationer/).
- Press, A.L. 1996. Recent Development in Feminist Communication Theory: Difference, Public Sphere, Body and Technology. Ritstjóri James Curran. *Mass Media and Society. Third Edition.* Bls. 27-44. Arnold, London.
- Ríkisútvarpið. *Reglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu.* (Sótt 22.9.2009) [http://www.ruv.is/servlet/file/Reglur%20um%20fr%C3%83%C2%A9ttir%20og%20fr%C3%83%C2%A9ttatengt%20efni.pdf?ITEM\\_ENT\\_ID=203954&COLLSPEC\\_ENT\\_ID=32](http://www.ruv.is/servlet/file/Reglur%20um%20fr%C3%83%C2%A9ttir%20og%20fr%C3%83%C2%A9ttatengt%20efni.pdf?ITEM_ENT_ID=203954&COLLSPEC_ENT_ID=32).
- Roman, C. 2009. Academic discourse, social policy and the constructions of new families. Ritstj.: Melby, Kari, Anna-Birte Ravn og Christina Carlsson Wetterberg. *Gender equality and Welfare Politics in Scandinavia. The limits of political ambitions?* Bls. 101-113. Policy Press, Bristol.
- Sigríður Matthíasdóttir. 2005a. *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900 – 1930.* Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Sigríður Matthíasdóttir. 2005b. Uppnám og uppbrot. Kvenfrelsisstefnan á árunum 1907 – 1911 og þáttur Hins íslenska kvenfélags. Ritstjórar Auður Styrkárdsóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. *Kosningaréttur kvenna 90 ára. Erindi frá málþingi 20. maí 2005.* Bls. 65 – 77. Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Reykjavík.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2002a. Hverjar eru hugmyndir Platons um eðli og hlutverk karla og kvenna?. *Vísindavefurinn* 20.12.2002. (Sótt 27.11.2009.) <http://visindavefur.is/?id=2974>.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2002b. Um meintan dauða femínismans. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar.* 2. tbl. Bls. 77-103. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Sigrún Stefánsdóttir. 1988. Ekkert er helst að fréttu af konum í atvinnulífinu. *Konur og atvinnulíf: erindi flutt á ráðstefnu Jafnréttisráðs 5. mars 1988.* Bls. 50 – 54. Jafnréttisráð, Reykjavík.

- Silja Björk Hauksdóttir. 2009. Jafnrétti ekki í höfn. *Morgunblaðið*, 11. mars. Bls. 6.
- Skýrsla nefndar menntamálaráðherra um íslenska fjölmiðla*. 2005. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Sóley Tómasdóttir. 2009. *Af súpufundi KRFÍ í hádeginu í dag*. (Sótt 10. 11. 2009) <http://soleytomasdottir.is/?p=480>.
- Starfshópur um aðgerðir til að jafna betur stöðu kynjanna í sveitarstjórnnum*. 2009. Reykjavík, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. (Sótt 15.10.2009) <http://www.samgonguraduneyti.is/media/adobeskjol/JafnaStoduKynjaSveit081029.pdf>.
- Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársoóttir. 2001. *Konur, flokkar og framboð*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- The gender and media handbook*. 2005. Mediterranean institute of gender studies, Cyprus.
- Tuchman, G. 1996. Women's depiction by the mass media. Ritstj. Baehr Helen og Ann Gray. *Turning it on. A reader in Women and Media*. Bls 11-15. Arnold, London.
- Unifem. *Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna*. 1985. (Sótt 23.9.2009) <http://www.unifem.is/unifem/index.php?option=content&task=view&id=123&Itemid=40>.
- United Nations. 1995. *Beijing Declaration*. (Sótt 21.9.2009) <http://www.un.org/womenwatch/daw/beijing/pdf/BDPfA%20E.pdf>.
- Van Zoonen, L. 1995. Mass Media and popular culture. Ritstjórar Downing, J. ofl. *Questioning the media. A critical introduction 3<sup>rd</sup> edition*. Bls. 311-328. Sage Publications, Thousand Oaks CA.
- VG – Vinstri hreyfingin – grænt framboð. 2009. *Ályktanir landsfundar 2009*. (Sótt 1.11.2009) <http://www.vg.is/frettir/eldri-frettir/nr/4015>.
- Þorbjörn Broddason. 2005. *Ritlist, prentlist, nýmiðlar*. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Þorgerður Einarsdóttir. 2002. Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða: Um þáttaskil í íslenskri jafnréttisumræðu. *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands*. Bls. 9 – 36. Háskóli Íslands, Reykjavík.

- Þorgerður Einarsdóttir. 2004. Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. Ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson. *Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Bls. 2000 – 225. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Þorgerður Einarsdóttir. 2005. Ekki fegurðarsamkeppni eða stjórnuleit. Kynbundnar hugmyndir um stjórn málaþátttöku, forystu og leiðtogahæfni. Ritstjóri Úlfar Hauksson. *Rannsóknir í félagsvísindum VI*. Bls. 305 – 321. *Félagsvísindadeild*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorgerður Einarsdóttir. 2006. Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? Ritstjóri Úlfar Hauksson. *Rannsóknir í félagsvísindum VII. Félagsvísindadeild*. Bls. 445 – 456. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorgerður Einarsdóttir. 2007. Aumingjahjálpi eða afbygging á umframvaldi? Um sértækar aðgerðir, jákvæða mismunun og kvóta. Ritstjóri Gunnar Þór Jóhannesson. *Rannsóknir í félagsvísindum VIII. Félagsvísindadeild*. Bls. 391 – 402. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir. 2009. Kynjaskekkja í stjórn málum. Breytingar og áhrifaþættir. *Stjórn mál og stjórnsýsla. Veftímarit*. 1. tbl. 5. árg. Bls. 5-22. (Sótt 1.12.2009) [http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2009v/the\\_glh.pdf](http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2009v/the_glh.pdf).
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. 2004. *Viðhorf til jafnréttismála*. Erindi á málþingi í hátíðarsal Háskóla Íslands 30. janúar 2004.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. 2005. *Ef kyn skiptir máli. Um kyn og samfélagslega ábyrgð fjölmiðla*. Hvað er í mynd? Málþing um konur og karla í fjölmiðlum á vegum RIKK og Menntamálaráðuneytisins 14.12.2005.